# FRÉTTABLAÐIÐ

248. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. OKTÓBER 2019


# Betra vinnulíf

Það vantar samskiptareglur á vinnustöðum en tölvupóstsendingar á kvöldin hafa neikvæð áhrif á heilsu. Fundafarganið er mikið, tölvupóstfjallið bratt og opin vinnurými geta komið í veg fyrir að starfsfólk fái þann vinnufrið sem það þarf. →12

## Ræða umspil í Inkasso-deild

**FÓTBOLTI** Mótanefnd KSÍ hefur skoðað fjórar mögulegar útfærslur á umspili í Inkasso-deild karla en málið var rætt á síðasta stjórnarfundi KSÍ. Valgeir Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að hún hafi skoðað þann möguleika og sett upp fjórar mögulegar útfærslur sem snúast um sæti 2-5. „Leiðirnar sem eru mögulegar eru að spila bara einn leik, eða heima og heiman og endað á úrslitaleik, hvort leikdagar eigi að vera um helgar eða á virkum dögum o.s.frv. Það eru alls konar pælingar en við erum með útlínur og hugmyndir svo það sé hægt að upplýsa um þennan möguleika.“ – bb / sjá síðu 24




Fljótlegt, einfalt og virkilega gott!




Krambúðin
Opnum snemma
lokum seint

Coop franskar
900 gr - rifflaðar

Grandiosa pizzur
3 tegundir


## Glatorka nýtt

**ORKUMÁL** Þróunarfélag Grundartanga og Elkem vinna nú að því að nýta þá umframorku sem myndast við framleiðslu kísilverksmiðjunnar. Þorsteinn Hannesson, sérfræðingur hjá Elkem, segir að hægt sé að endurheimta allt að 80 megavött af varmaorku með því að nýta glatvarma sem myndast í framleiðsluferlinu í stað þess að láta umframorkuna fara út í andrúmsloftið. Orkan gæti nýst bæði fyrirtækjum og íbúum á svæðinu. Mikil tækifæri eru talin vera til staðar fyrir margskonar iðnað. – sar / sjá síðu 4

**80**
megavött af varmaorku nýtt úr glatvarma

## Veður



Gengur í norðan 13-23 með morgninum, hvassast SA-lands. Bætir í ofankomu í kvöld, fyrst A-lands og síðar um landið N-vert, en þurrt að kalla syðra. Frost víða 1 til 7 stig.

SJÁ SÍÐU 28

# Lögreglumenn anda léttar



Lögreglumaðurinn Bjarni Ólafur Magnússon var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær af ákæru fyrir brot í starfi og líkamsmeiðingar af gáleysi. Hann þótti ekki hafa brotið verklagsreglur er hann neyddi drukkinn ökumann út af Þjórsárvegi í fyrra með þeim afleiðingum að hann velti bíl sínum. Fjöldi lögreglumanna hlýddi á dómsuppsögu með Bjarna Ólafi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

## Hindíkennsla í Háskólanum

**MENNTUN** Nám hófst í hindí við Háskóla Íslands í haust og á bilinu 10 til 15 nemendur eru skráðir í fyrstu áfangana. Hindíkennslan sjálf er fyrir byrjendur en námskeið um menningu og samfélag Indlands verður kennt samhliða.

Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands, segir að námskeiðin séu samstarfsverkefni háskólans og indverska sendiráðsins. Sendiráðið útvegaði kennara og greiðir honum laun í tvö ár og háskólinn sér um aðstöðuna. Námið er einnig kennt í samstarfi við Endurmenntun háskólans til að fleiri geti nýtt sér það. Að sögn Eyjólfs verður framhaldið metið að tveimur árum liðnum, út frá því hvernig gengið hefur og aðsókn að námskeiðunum.

> Við rennum svolítið blint í sjóinn með þetta.



Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar HÍ

„Við rennum svolítið blint í sjóinn með þetta,“ segir Eyjólfur. „Hindí hefur aldrei verið kennt á Íslandi áður.“

Meira en 340 milljónir hafa hindí sem móðurmál og er það útbreiddasta samskiptamál Indlands. Utan Indlands er hindí hins vegar ekki mjög útbreitt. Eyjólfur segir að tungumálið sé nokkuð krefjandi enda er notað annað letur, sem kallast devanagari.

„Hvatning fólks til að læra hindí getur verið mjög mismunandi,“ segir hann. „Oft er þetta fólk sem hefur áhuga á tungumálum, áhuga á Indlandi, jóga eða á indverskan maka.“ – khg

## Tillaga um sex borgarhátíðir

**REYKJAVÍK** Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð leggur til við borgarráð að Myrkir músíkdagar og Reykjavík Dance Festival bætist í hóp borgarhátíða 2020-2022. Er það í samræmi við tillögu sérstaks faghóps.

Síðastliðin þrjú ár hafa fjórar hátíðir verið borgarhátíðir en það eru Hinsegin dagar, Hönnunarmars, Iceland Airwaves og RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Lagt er til að halda samstarfinu áfram undir nafni borgarhátíða.

Gert er ráð fyrir að framlög til hátíðanna nemi alls 50 milljónum á ári. Þær fjórar sem fyrir eru borgarhátíðir fengju tíu milljónir hver en nýju hátíðirnar tvær fengju fimm milljónir hvor. Alls sóttu tíu hátíðir um samstarf við borgina. Þær fjórar sem ekki voru valdar samkvæmt tillögu faghópsins eru Jazzhátíð Reykjavíkur, List án landamæra, Lókal leiklistarhátíð og Stockfish. – sar




# Þrestir á fylliríi eftir mjög gjöfult berjaár

**Gengið hefur sú saga að skógarþrestir verði ölvaðir af berjaáti á haustin en það hefur lítt verið rannsakað. Reyniberjauppskeran í ár var fordæmalaus og hegðun þrastanna einnig. Þeir fljúga lágt, stíma á rúður og garga hátt hver á annan.**

**NÁTTÚRA** Borgarbúar hafa í haust orðið varir við einkennilega hegðun skógarþrasta. Fljúga þeir lágt, svo að fólk á fótum fjör að launa, og margir þrestir enda jarðvistina eftir harkalegan árekstur við glerrúður. Lætin í fuglunum eru engu minni en á vorin, en meiri kergja og biturð í röddinni. Sagt er að þrestirnir séu fullir, blindfullir, eftir að hafa hámað í sig gerjuð ber.

Á haustin fara tugþúsundir skógarþrasta um borgarlandið í leit að æti og á kvöldin nátta þeir í skóglendi. Þeir þurfa mikla orku, enda flýgur bróðurparturinn af þeim yfir hafið til Bretlands á haustin. Reyniber, sem finnast meðal annars í görðum fólks, virka prýðilega til brúksins.

„Berjauppskeran var frábærlega góð í haust og fuglarnir eru að uppskera, éta eins og þeir lifandi geta áður en þeir leggja í hann til Evrópu,“ segir Ólafur Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en flestir fuglanna fljúga til Bretlandseyja.

Ástæðan fyrir þessum mikla fjölda berja er sú að reyniviðurinn blómstraði ekki á síðasta ári. Blóma- og berjauppskeran í ár er því með því besta sem verið hefur. „Trén hreinlega svignuðu undan veigunum,“ segir Ólafur. „Þeir gjörsamlega hakka þetta í sig því þeir eiga langa ferð fyrir höndum.“ Fuglarnir byrja að éta berin þegar þau eru fullþroskuð og best finnst þeim að fá þau eftir næturfrost en eftir fyrstu frostin byrja berin að gerjast.

Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur hjá sömu stofnun, segir að það þekkist þó í nágrannalöndunum að dýr verði ölvuð af gerjuðu æti, til dæmis elgir á Norðurlöndunum. „Það er ekki ómögulegt að þrestir verði ölvaðir, sérstaklega ekki þegar þeir éta berin svona seint eins og nú.“



Þrestir borgarinnar belgja sig sællegir út af berjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

> Þeir eru að garga og að berjast innbyrðis um berin. Þeir rífast í þessu nábýli og maður sér árásargirni.



Guðmundur A. Guðmundsson dýravistfræðingur

Erlendis, bæði í Evrópu og Norður-Ameríku, þekkist það vel að smáfuglar verði ölvaðir af berjaáti þó að fáar rannsóknir séu til. Erfitt sé að mæla áfengiseitrun í dýrum og dýrt. Ölvunin leynir sér þó ekki því fuglarnir eigi erfitt með að fljúga og ganga beint. Fuglar með þessi einkenni sem skoðaðir hafa verið í Kanada, hafa jafnað sig á nokkrum klukkutímum. Þó eru til dæmi um að fuglar hafi drepist úr lifrarskemmdum vegna áfengiseitrunar.

Guðmundur segir að þrastasöngurinn nú í haust sé ekki af sama meiði og í tilhugalífinu á vorin. „Þeir eru að garga og að berjast innbyrðis um berin. Þeir rífast í þessu nábýli og maður sér árásargirni,“ segir hann. Jafn framt segir hann það geta vel verið að þrestirnir fljúgi á rúður vegna vímu, en það komi þó fyrir allan ársins hring.

kristinnhaukur@frettabladid.is



# Laganna verðir fögnuðu dómi

Lögreglumaðurinn Bjarni Ólafur Magnússon fagnaði sýknudómi í Hérðaðsdómi í gær. Lögreglumenn standa yfirleitt þétt saman ef einn er ákærður fyrir brot í starfi. Ljósmyndari blaðsins, Anton Brink, fangaði samstöðu þeirra í héraðsdómi í gær.








kronotex
FLOORS FOR LIVING
2019
Framúrskarandi fyrirtæki
MAMMUT PLUS 4797
HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET
fyrir heimili, hótel & fyrirtæki
MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ
LANGIR OG BREIÐIR PLANKAR Í BESTA GÆÐAFLOKKI
Birgisson®
DER BLAUE ENGEL
UMHVERFISVOTTAÐ
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

# Nýbyggt útisvæði í Grafarvogi ekkert í líkingu við sýn höfundar


Þorsteinn Jónsson segist ekki hafa haft leikskólatæki í huga þegar hann sendi inn hugmynd í hverfisskosningu. Hann er ósáttur við útkomuna.

**REYKJAVÍK** Hugmyndasmiður útilíkamsræktarstöðvar við Logafold í Grafarvogi er ósáttur við uppbyggingu Reykjavíkurborgar á svæðinu.

Útivistarsvæðið sem deilan stendur um var eitt af þeim verkefnum sem kosið var um í Grafarvogi í íbúakosningunni Hverfið mitt á síðasta ári. Þorsteinn Jónsson, íbúi hverfisins, sendi inn hugmynd að útilíkamsræktaraðstöðu á tilteknum stað í hverfinu og var hæstánægður þegar hugmyndin hlaut hljómgrunn. Þegar svæðið blasti við fullbúið runnu þó á hann tvær grímur. „Það sem risið er núna er ekkert í líkingu við það sem ég hafði í huga og er í raun bara sóun á fjármagni. Þessi tæki eiga heima á leikskólalóð.“ Rétt er að geta þess að nánar verður fjallað um málið á Fréttablaðið.is.

Þorsteinn gagnrýnir þá staðreynd að Reykjavíkurborg hafði nánast ekkert samráð við hann í öllu ferlinu. Færsla hans um málið vakti athygli á íbúasíðu Grafarvogsbúa á Facebook. Þar var vísað í útboðsverkið og ályktuðu nokkrir íbúar að verkið hefði kostað rúmlega 24 milljónir króna. „Það er af og frá. Þarna er verið að tala um heildartilboð í átta svipaðar lóðir víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Þetta tiltekna verkefni í Grafarvogi kostaði á bilinu 2-3 milljónir króna,“ segir Jóhann Helgi Hlöðversson, annar eigenda Jóhanns Helga og co. sem bauð best í verkið. Hann segist skilja óánægjuna að einhverju leyti en það sé ekki við fyrirtæki hans að klaga. „Við tökum þátt í útboði og vorum innan ramma útboðslýsingarinnar.“ – **bþ**



## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Þétt setið með Freyju í réttarsalnum** Stuðningsfólk Freyju Haraldsdóttur fjölmennti í Hæstarétt þar sem mál Freyju gegn Barnaverndarstofu var tekið fyrir.

**2 Björk Vilhelms og Tinna handteknar á Vesturbakkanum** Fyrrverandi borgarfulltrúi og samstarfskona hennar voru handteknar við ólífutínslu í Palestínu.

**3 Íslendingar urðu fyrir alvarlegri líkamsárás í Brighton** Tveir Íslendingar urðu fyrir fólskulegri árás í breska strandbænum aðfaranótt laugardags.

**4 Lögreglumaðurinn í æsilegu eftirförinni á Suðurlandi sýknaður** Bjarni Ólafur Magnússon var sýknaður af ákæru um líkamsmeiðingar af gáleysi.

**5 39 lík fundust í flutningabíl á Englandi** Norður-Íri var handtekinn vegna gruns um morð. Talið er að málið tengist mansali.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning** Það kostar ekkert.


# NPA-aðstoðin orðin hindrun

**Aðalmeðferð fór fram í máli Freyju Haraldsdóttur gegn Barnaverndarstofu í Hæstarétti í gær. Í málinu er tekist á um rétt Freyju til að sitja námskeið þar sem hæfni umsækjenda um fósturforeldri er metin.**


Stuðningsfólk Freyju Haraldsdóttur fjölmennti í sal Hæstaréttar Íslands í gærmorgun FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**DÓMSMÁL** Lögmaður Freyju, Sigurður Örn Hilmarsson, var í málflutningi sínum mjög gagnrýninn á að vegna þess að Freyja njóti NPA-aðstoðar þá muni hún ekki sinna barninu sjálf. Hann sagði að í lögum um NPA væri sérstaklega fjallað um þetta og hvernig aðstoðin miði að því að aðstoða fólk við foreldrahlutverk. Gert sé ráð fyrir því að NPA sé notuð svo fólk geti uppfyllt skyldur sínar sem uppalendur.

Þannig sé aðstoðin tryggð í lögum, en á sama tíma útiloki hún Freyju frá fósturhlutverkinu. Að segja að hún geti ekki gert eitthvað sjálf, þegar hún nýtur slíkrar aðstoðar, sé dæmi um óbeina mismunun.

Hann velti því einnig fram hvað það sé nákvæmlega sem Barnaverndarstofa meini þegar talað er um að Freyja geri eitthvað sjálf. Hún hafi verið með NPA í 12 ár, hún hafi lokið tveimur háskólagráðum, setið á þingi og sinnt fjölbreyttum störfum.

„Gerði hún þetta ekki sjálf? Og ef ekki, hver þá?“ spurði Sigurður í málflutningi sínum í Hæstarétti.

Hann sagði orðalag um að hún geri ekki hlutina sjálf ekki heppilegt því þá væri áhersla færð á að yfir heimili hennar væri einhver stofnanabragur. NPA hafi verið lögfest svo fatlaðir einstaklingar gætu búið sjálfstætt og sagði Sigurður það því einkennilegt að stjórnvaldið stæði í dómsmáli þar sem því er haldið fram að fatlað fólk sem býr við slíka aðstoð búi við stofnanabrag.

„Í grunninn eru þetta viðhorf sem hefði mátt gera ráð fyrir fyrir 30 árum, en virðast koma fram hér og þar í andstöðu við nútímaviðhorf til þessara mála, sem og lagasetningar um notendastýrða persónulega aðstoð. Sem á að tryggja fólki sjálfstætt líf, sjálfstæða búsetu, gera því kleift að taka þátt í samfélaginu og komast yfir þær hindranir sem fylgja fötluninni. En allt er þetta túlkað gegn þeim og gegn Freyju, þannig að aðstoðin sem er ætlað að yfirvinna fötlunina er orðin að hindrun,“ segir Sigurður í samtali við Fréttablaðið.

Sigurður segir málið eitt skýrasta dæmið úr stjórnsýslunni þar sem fatlað fólk mætir fordómum.

„Í tilfelli Freyju leiddu fordómarnir til þess að hún fékk ekki tækifæri til að vera metin á eigin verðleikum lögum samkvæmt á matsnámskeiðinu,“ segir Sigurður.

> **Í tilfelli Freyju leiddu fordómar til þess að hún fékk ekki tækifæri til að vera metin á eigin verðleikum.**
>
> Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður



Hann segir að kjarni málsins snúist um rétt Freyju til sömu málsmeðferðar og aðrir og að hún fái þannig að sitja námskeiðið og vera metin, en að ekki verði litið fram hjá því að ástæðan fyrir því að hún fékk ekki að sitja námskeiðið sé mismunun sem sé byggð á fordómum um hvað hún geti og geti ekki gert.

**lovisa@frettabladid.is**





ISBAND

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM

# Verkföll gætu stöðvað blaðaútgáfu á svörtum föstudegi

**KJARAMÁL** Aðgerðaáætlun vegna hugsanlegra verkfalla Blaðamannafélagsins (BÍ) er í mótun en er orðin nokkuð endanleg. Þetta segir Hjálmar Jónsson, formaður BÍ.

Byrjað verður á fjögurra tíma vinnustöðvun á vefmiðlum, sem næði einnig til ljósmyndara og tökumanna, föstudaginn 8. nóvember. Það tímabil mun lengjast í átta tíma föstudaginn 15. nóvember og tólf tíma föstudaginn 22. nóvember.

„Ef það dugar ekki til að semja við okkur um það sama og aðrir hafa fengið erum við með hugmyndir um verkfall á prentmiðlunum fimmtudaginn 28. nóvember í aðdraganda svarts föstudags,“ segir Hjálmar.

Svartur föstudagur er útsöludagur að bandarískri fyrirmynd sem hefur fest sig í sessi hér á landi. Vegna fjölda útsöluauglýsinga eru dagblöðin umræddan dag með stærstu blöðum ársins.

Samningar blaðamanna hafa verið lausir frá áramótum en Hjálmar telur að næsti fundur sem verður á þriðjudaginn geti ráðið úrslitum. „Ef sá fundur skilar ekki árangri verður væntanlega kosið um verkfallsaðgerðir á miðvikudaginn. Það er verið að bjóða okkur minna heldur en öllum öðrum stéttum í þessu landi. Ég er mjög ósáttur út í sjálfan mig fyrir að láta draga mig á asnaeyrunum og vera ekki kominn með samning eftir rúma tíu mánuði.“

**Fjögur fyrirtæki hafa illu heilli kosið að fela SA samningsumboð sitt.**

Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands

Hjálmar segir að ágætlega gangi að semja við minni aðila. „Verkfallið tekur bara til þeirra aðila sem vilja ekki semja við okkur. Fjögur fyrirtæki hafa illu heilli kosið að fela SA samningsumboð sitt.“ Umræddir miðlar eru Fréttablaðið, Morgunblaðið, Sýn og RÚV en Hjálmar telur að um þriðjungur fréttamanna RÚV sé í Blaðamannafélagi Íslands.

Hjálmar segir að frá fyrri tíð liggi fyrir að eigendur og framkvæmdastjórar megi vinna komi til verkfalla. „Fréttastjórar og ritstjórar eru í Blaðamannafélaginu og áhöld um það hvort þeir megi vinna. En það hvarflar ekki að mér að þeir fari að ganga í störf sinna undirmanna.“ **– sar**

*Blaðamenn og ljósmyndarar á ritstjórn Fréttablaðsins eru félagar í Blaðamannafélagi Íslands.*



Sigurbjörg E. Egilsdóttir. Píratar í Kópavogi eru ósáttir við vegatolla

## Píratar hafna sáttmálanum

**KÓPAVOGUR** Píratar í Kópavogi höfnuðu samgöngusáttmálanum á höfuðborgarsvæðinu í vefatkvæðagreiðslu. Bæjarfulltrúi flokksins sat hjá við afgreiðslu málsins á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag.

Píratar í Reykjavík, sem eru í meirihluta, greiddu atkvæði með sáttmálanum en skiluðu sérbókun. Í bókuninni segir að mikilvægt sé að útfærsla „sérstakrar fjármögnunar“ í samkomulaginu verði opnari og aðgengilegri. Einnig að ekki verði vegið að þeim tekjulægstu í samfélaginu né friðhelgi einkalífsins.

**Píratar í Kópavogi eru ósammála flokksbræðrum sínum í Reykjavík um samgöngusáttmálann.**

Sjálfstæðisflokkurinn er einnig klofinn milli sveitarfélaga í málinu og er borgarstjórnarflokkurinn andvígur sáttmálanum ólíkt bæjarstjórnarflokkunum á höfuðborgarsvæðinu.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, oddviti Pírata í Kópavogi, segir flokksmenn í Kópavogi einnig gera athugasemdir við ógagnsæi í sáttmálanum. „Helsta bitbeinið eru vegtollarnir. Þeir fela óhjákvæmilega í sér rafrænt eftirlit,“ segir Sigurbjörg. Þar að auki geti vegtollar bitnað meira á tekjulægra fólki sem býr í úthverfum. **– ab**

# Vilja nýta glatorku frá Elkem

**Hægt væri að nýta allt að 80 MW varmaorku sem í dag fer til spillis í verksmiðju Elkem á Grundartanga í aðra starfsemi á svæðinu. Unnið er að því að finna áhugasama samstarfsaðila til að verkefnið raungerist.**

**ORKUMÁL** Þróunarfélag Grundartanga og kísilver Elkem vinna nú að nýtingu þeirrar umframorku sem myndast við framleiðslu verksmiðjunnar. Í framleiðsluferlinu myndast mikill varmi sem hingað til hefur ekki verið nýttur og er þar talað um glatvarma.

„Hugmyndin að baki því að nýta þennan glatvarma er að fanga þessa orku í stað þess að láta hana fara út í andrúmsloftið. Við gætum kannski endurheimt 70-80 megavött af varmaorku eða í kringum 20-30 megavött af raforku með þessu,“ segir Þorsteinn Hannesson, sérfræðingur hjá Elkem.

Þorsteinn segir þetta byggja á tiltölulega vel þekktri tækni sem sé í sjálfu sér ekki mjög flókið að útfæra. Spurningin sé bara hvernig orkan verði nýtt en hún gæti bæði nýst fyrirtækjum á svæðinu sem og íbúum.

Ólafur Adolfsson, formaður Þróunarfélags Grundartanga, segir mikil tækifæri liggja í verkefninu. Meðal þess sem nefnt hefur verið varðandi orkunýtingu er þörungarækt, fiskeldi og ylrækt. Nærtækasti kosturinn felist hins vegar í hitaveitu en hingað til hefur þurft að nýta raforku til að hita húsnæði og neysluvatn.

„Við höfum í rauninni unnið að þessu í rúmt ár núna og höfum verið að fikra okkur lengra og lengra. Núna erum við að teikna upp fýsileikann af verkefninu og skoða hvernig við komum þessu á koppinn,“ segir Ólafur.

Hann segir að ráðast þurfi í umtalsverðar fjárfestingar til þess að verkefnið verði að veruleika. „Við ætlum að fara eins langt og við komumst og teljum að þetta sé mjög hagfellt. Þetta samrýmist þeirri hugsun sem Þróunarfélagið stendur fyrir. Þarna erum við í rauninni að koma í veg fyrir sóun á orku.“



Mögulegt er að endurheimta 70-80 MW af varmaorku sem fer til spillis við framleiðsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Núna erum við að teikna upp fýsileikann af verkefninu og skoða hvernig við komum þessu á koppinn.**

Ólafur Adolfsson, formaður Þróunarfélags Grundartanga



Þorsteinn segir að nú sé búið að kortleggja verkefnið þokkalega vel. „Við erum að viða að okkur hugmyndum og opna umræðu við hugsanlega samstarfsaðila.“

Elkem stefnir að því að framleiðslan verði kolefnishlutlaus árið 2040 og er glatvarminn hluti af þeirri vinnu. Fái glatvarmaverkefnið fullan meðbyr og takist að fjármagna það gæti það í heild orðið að veruleika eftir um áratug.

Þó gætu ýmis minni verkefni orðið að veruleika mun fyrr. Þannig hefur verið skoðað í samstarfi við Lífland, sem rekur fóðurverksmiðju á Grundartanga, að útvega gufu til að þurrka fóðrið. Með því að nýta gufu frá Elkem í stað þess að framleiða hana með olíu, gæti kolefnissporið minnkað um þúsund tonn af $CO_2$ á ári.

Þróunarfélagið og Elkem vinna einnig að nýtingu kolefnis en það verkefni er skemmra á veg komið. Meðal annars er til skoðunar binding koldíoxíðs með niðurdælingu eins og gert hefur verið í Hellisheiðarvirkjun.

Ólafur bendir á að kolefnið sé verðmætt og margar leiðir til að nýta það. Verksmiðja Elkem losar um 450 þúsund tonn af $CO_2$ á ári sem er milli 11 og 12 prósent af heildarlosun Íslands.

„Við gætum til dæmis framleitt lífdísil fyrir allan fiskiskipaflotann á Íslandi. Það er auðvitað stórt og flókið verkefni en samræmist okkar áherslum því markmiðið er auðvitað að ná kolefnissporinu niður í núll,“ segir Ólafur.

sighvatur@frettabladid.is






F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP

# Aukin umsvif Rússa í Afríkuríkjum

**Áhrif Rússa í Afríku hafa aukist jafnt og þétt með samningum um vopnasölu, kjarnorkuver, námagröft og olíuviðskipti um alla álfuna. Vladímír Pútín bauð afrískum leiðtogum til fundar um samskipti Rússlands og Afríku sem hófst í borginni Sotsjí í gær.**

**RÚSSLAND** Áhrif Rússa í Afríku hafa aukist mikið á undanförnum árum en ekki verið jafn mikið til umræðu og aukin umsvif Kínverja í álfunni. Birtist þetta fyrst og fremst í viðskiptasamningum um vopn, kjarnorku, olíu og námagröft.

Aukning vopnasölu Rússa til Afríkuríkja hófst eftir að Krímskagi var innlimaður í Rússland frá Úkraínu árið 2014. Þá settu Vesturveldin ýmsar viðskiptaþvinganir á Rússa og Pútín leitaði á ný mið. Alls hefur hann gert 16 samninga um hernaðaruppbyggingu við Afríkuríki síðan þá og í dag selja Rússar Afríkuríkjum vopn fyrir um 1.800 milljarða króna. Stærstur hluti, eða um 850 milljarðar, fer til Alsír. Egyptaland er annar stórkaupandi á hergögnum, sérstaklega orrustuþotum, og mörg önnur lönd Norður-Afríku hafa samið við Rússa um gögn til að berjast við íslamistahópa. Rússar hafa einnig eigin málaliðasveitir starfandi í mörgum ríkjum.

Egyptaland er einnig stórkaupandi þegar kemur að kjarnorku.

**Í dag flytjum við matvæli fyrir 25 milljarða dollara (3.000 milljarða króna), sem er helmingi meira en við flytjum þangað af vopnum.**

Vladímír Pútín
Rússlandsforseti



Árið 2017 sömdu Egyptar við Rosatom, kjarnorkufyrirtæki rússneska ríkisins, um uppbyggingu þriggja kljúfa í El Dabaa, vestan við höfuðborgina Kaíró. Áætlað er að það verkefni kosti tæplega 4.000 milljarða króna. Átta önnur lönd, flest í austurhluta álfunnar, hafa einnig samið við Rosatom síðan 2016.

**Umsvif Rússa í Afríku**




Ríkar námur Afríku er helst að finna í suður- og miðhluta álfunnar. Í gegnum tengsl sín við ríkisstjórnir og stuðning á ýmsum sviðum hafa Rússar gert hagstæða viðskiptasamninga um málma. Þessi auknu ítök hafa einnig áhrif á pólitíska sviðinu, nefnilega utanríkisstefnu viðkomandi ríkja. Fyrir þessu eru vissulega fordæmi því á árum kalda stríðsins voru Sovétríkin gríðarlega áhrifamikil í Afríku. Pútín fundar með leiðtogum Afríkuríkja á ráðstefnu í borginni Sotsjí við Svartahaf. Á setningunni í gær reyndi Pútín að gera lítið úr vopnaviðskiptunum. „Í dag flytjum við matvæli fyrir 25 milljarða dollara (3.000 milljarða króna), sem er helmingi meira en við flytjum þangað af vopnum. Á næstu fjórum eða fimm árum tel ég að við náum að tvöfalda það magn,“ sagði hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is







TM
„Þetta er of einfalt til þess að fresta þessu."
NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM
Þú getur gengið frá tryggingunum á vefnum með rafrænum ráðgjafa okkar á fljótlegan og öruggan hátt. Engin símtöl, engin bið.
SJÁÐU ÞITT VERÐ Á TM.IS

# Forkaupsréttinum á Geirsgötu 11 ekki aflétt

Faxaflóahöfnum hefur ekki borist beiðni um að forkaupsrétti stofnunarinnar á Geirsgötu 11 á Miðbakka við Gömlu höfnina í Reykjavík verði aflétt. Þetta segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, í samtali við Fréttablaðið.

Eins og greint var frá í Markaðinum í gær hefur malasíska samsteypan Berjaya Corporation gengið frá kaupum á fasteigninni af félögum sem eru að stærstum hluta í eigu Guðmundar Kristjánssonar, útgerðarmanns og forstjóra Brims. Samkvæmt heimildum Markaðarins áformar Berjaya Corporation að reisa fimm stjörnu Four Seasons lúxushótel á reitnum. Faxaflóahafnir hafa forkaupsrétt á öllum eignum innan hafnarsvæðisins sem seldar eru í beinni sölu. Ef um er að ræða viðskipti með hlutafé, þ.e.a.s. kaup á félagi sem á fasteignina, hefur höfnin ekki forkaupsrétt.

„Við fáum reglulega beiðnir þar sem óskað er eftir að við föllum frá forkaupsrétti á eign svo að hægt sé að þinglýsa sölunni. Það hefur engin slík beiðni borist um þessa eign,“ segir Gísli. Spurður hvort það komi til greina að nýta forkaupsréttinn, ef hann á við í þessu tilfelli, segir Gísli það frekar ólíklegt. Faxaflóahafnir hafi aðeins einu sinni nýtt forkaupsrétt á eign á hafnarsvæðinu og það hafi verið í skipulagsskyni.

Þá segir hann að engar breytingar sem heimila uppbyggingu á hóteli á reitnum hafi orðið á skipulagi svæðisins. „Það hafa engar hugmyndir komið inn á okkar borð með formlegum hætti þannig að slík áform eru ekki inni í myndinni eins og er.“ – þfh






**Sean Kidney, stofandi Climate Bond Initiative, og Andri Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Fossum mörkuðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hlýnun jarðar torveldi ávöxtun lífeyrissjóða

Hlýnun jarðar mun leiða til aukinna sveiflna á fjármálamörkuðum. Það verður því æ erfiðara að safna í eftirlaunasjóði til að ráðstafa við starfslok. Þetta segir Sean Kidney, stofnandi og framkvæmdastjóri Climate Bond Initiative, í samtali við Fréttablaðið.

Hann stýrir samtökum sem vinna að því að virkja skuldabréfamarkaði á heimsvísu í þágu umhverfismála. Fossar Markaðir gengu nýverið til liðs við þau og fengu Kidney til að ræða við forsætisráðherra, fjármálaráðherra og umhverfisráðherra Íslands á mánudag um græn skuldabréf.

Hann segir að verði ekki tekið í taumana muni hlýnun jarðar yfir lengri tíma hafa áhrif á monsúnvind yfir Indlandshafi og Suðaustur-Asíu. Óhemjumargir treysti á hann til að fá drykkjarvatn. Bregðist vindurinn þeim gæti það haft í för með sér að 100 milljónir manna muni þurfa að yfirgefa heimili sín og freista gæfunnar annars staðar. En reynslan sýni að lönd vilji ekki taka við of mörgum flóttamönnum.

Kidney segir að loftslagsbreytingar muni leiða æ oftar til uppskerubrests sem geti haft víðtækar afleiðingar. Síðast þegar stórfelldur uppskerubrestur hafi verið í Rússlandi var útflutningur á hveiti bannaður. Við það hafi verð á hveiti fjórfaldast. Á meðal landa sem ekki höfðu varið sig gegn hækkuninni voru Egyptaland, Túnis, Líbía og Sýrland.

„Sama atburðarás átti sér stað tveimur árum fyrir frönsku byltinguna á 17. öld. Það var uppskerubrestur og verð fjórfaldaðist. Miklar hækkanir fá fólk sem á ekki til hnífs og skeiðar til að berjast á götum úti. Þetta mun gerast oftar,“ segir hann.

> Miklar hækkanir fá fólk sem á ekki til hnífs og skeiðar til að berjast á götum úti.
>
> Sean Kidney

Við þær aðstæður kunni að vera skynsamlegt að fjárfesta í vopnaframleiðendum, kastar Kidney fram, nema hvað auknar sveiflur muni leiða til þess að erfitt sé að veðja á rétt fyrirtæki.

„Það þarf að bregðast við hlýnun jarðar,“ segir hann. „Það má líkja þessu við að vera með krabbamein sem muni draga mann til dauða ef ekkert er að gert,“ segir Kidney.

Að hans sögn er áhætta og ávöxtun grænna skuldabréfa svipuð og hefðbundinna skuldabréfa. „Það eru því skynsamlegur fjárfestingarkostur og gera hagkerfið betur í stakk búið til að mæta umhverfisvánni.“

Kidney hvetur íslensk stjórnvöld til að leggja sitt af mörkum og gefa út græn skuldabréf. Það leiði enn fremur til áherslubreytinga innan stjórnkerfisins því fjármálaráðuneyti muni horfa til grænna verkefna en ekki eingöngu umhverfisráðuneyti. helgivifill@frettabladid.is



# Lagersala
24. - 30. október

## Allt að 80% afsláttur

66° NORÐUR

**Fullorðnir**



**Snæfell vegan parka**
~~59.000 kr.~~ 29.500 kr.



**Ok dúnjakki**
~~37.000 kr.~~ 14.800 kr.



**Dalvík stuttermabolur**
~~7.000 kr.~~ 4.200 kr.



**Sandvík rennd peysa**
~~14.000 kr.~~ 7.000 kr.



**Snæfell jakki**
~~55.000 kr.~~ 33.000 kr.



**Vík hálfrennd peysa**
~~11.000 kr.~~ 5.500 kr.



**Arnarhóll regnkápa**
~~24.000 kr.~~ 14.400 kr.



**Esja parka úlpa**
~~67.000 kr.~~ 20.100 kr.



**Gunnar rennd hettupeysa**
~~22.000 kr.~~ 13.200 kr.



**Snæfell vegan parka**
~~59.000 kr.~~ 29.500 kr.



**Dyngja húfa**
~~4.900 kr.~~ 3.430 kr.



**66°N sokkar**
~~1.900 kr.~~ 1.140 kr.

**Krakkar**



**Magni kuldagalli**
~~25.000 kr.~~ 12.500 kr.



**Svanur dúnúlpa**
~~19.900 kr.~~ 11.940 kr.



**Durinn peysa**
~~8.900 kr.~~ 6.230 kr.



**Týr stuttermabolur**
~~3.500 kr.~~ 990 kr.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.

**Útsölumarkaður** | Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
**Skipagata 9** | 600 Akureyri

**Opnunartími á lagersölu:** fim-fös 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
**Opnunartími á lagersölu:** fim-fös 10-18 | lau. 11-17 | sun. 12-17

Valdar vörur á afslætti í vefverslun okkar: 66north.is

# Upprisa kontóristans

**Fólk er sífellt að leita leiða til vellíðunar og framfara í eigin lífi. Margir einblína ef til vill á að bæta sig í ræktinni en flestir eyða mestum tíma sínum í vinnunni og því er mikilvægt að geta bætt líf sitt á vinnustað.**




Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is





Opin rými veita ekki alltaf þann vinnufrið sem leitað er að og áskoranirnar eru margar, símarnir pípa stöðugt í vinnu og heima. Útkoman úr þessu getur verið langvarandi álag og streita. Ekki er svo auðvelt að skipta um vinnu og enn erfiðara fyrir einstaklinginn að breyta vinnuumhverfinu en það er hægt að endurskoða hvernig hann hagar sér í þessu rými.

„Umræðan um vinnumál snýst oftar en ekki um nýjustu hugmyndafræðina frekar en grunnatriðin eins og til dæmis hvernig maður eigi að haga sér í opnum vinnurýmum, eða hvernig hægt sé að halda betri fundi og jafnvel færri. Þarf að senda út tölvupóst klukkan níu á kvöldin?“ segir Steinar Þór Ólafsson, markaðsstjóri Skeljungs, sem hefur velt skrifstofumenningu rækilega fyrir sér og haldið fyrirlestra um málefnið. Hér eru það kontóristar sem eru til umfjöllunar, fólkið sem þarf að mæta á ótal fundi og svara enn fleiri tölvupóstum. Vinnurýmið er oftast opið þar sem starfsmaður á plani deilir tölvueyju með nokkrum öðrum eða situr í afskermuðum bási.

Staðreyndin er sú að nú geta margir unnið hvar sem er, svarað tölvupósti uppi í rúmi en á sama tíma er fólk fast í átta tíma vinnudagsskipulagi. Hvernig fer þetta saman?

„Það vinnur enginn í átta tíma á dag þó þú sért kannski átta tíma í vinnunni á dag,“ segir Steinar. „Það sést best á því að eiginlega öll dæmi þar sem farið hefur verið út í að stytta vinnudaginn hafa komið vel út. Skreppið dettur út og kannski teknir færri kaffitímar,“ segir hann og nefnir frægt dæmi Hugsmiðjunnar þar sem starfsfólk mætir níu og fer hálf fjögur, þannig að eftir stendur tími til að fara í ræktina eða búðina, sækja og skutla börnum. Þetta er lóð á fjölskylduvogina í leitinni að gullna jafnvæginu milli vinnu og einkalífs. „Enginn vinnur átta tíma á dag en samt erum við einhvern veginn alltaf í vinnunni.“

### Hægja á hlutunum

Steinar fylgist vel með umræðu um vinnumál, ekki síst vestanhafs, en þar eru m.a. uppi hugmyndir um að það þurfi að hægja á hlutunum. Hingað til hefur það verið FOMO, „fear of missing out“, hræðslan við að missa af, sem hefur verið ráðandi. Nú er mögulega kominn tími fyrir JOMO að taka við, „joy of missing out“, gleðin yfir því að vera ekki með. „Það er allt í lagi að missa af einhverju; þú þarft ekki að vera með í öllu. Það sem þú þarft að vita kemur til þín.“

Steinar gefur sig ekki út fyrir að vera einhver sérfræðingur. „Ég er ekki með gráðu í atferlisfræði eða vinnusálfræði. Ég skoða hver eru flottustu fyrirtækin í ákveðnum geirum og hvernig verið er að reka þau. Hver er með flottustu samskiptastefnuna og hverjir eru framsæknastir í fjarvinnu? Og hvort við getum tileinkað okkur eitthvað af þessu.“

Það er hins vegar eftirspurn eftir skilaboðunum sem Steinar hefur fram að færa en hann segir það sem svo margir eru að hugsa. „Þetta er svo frábær málstaður að verja. Ég hef ekki enn þá hitt neinn sem segir – við þurfum að vinna lengur, vera á fleiri fundum og senda fleiri pósta á kvöldin. Ég hef ekki hitt þennan mann, ég held hann sé ekki til,“ segir hann.

> Ég hef ekki ennþá hitt neinn sem segir – við þurfum að vinna lengur, vera á fleiri fundum og senda fleiri pósta á kvöldin. Ég hef ekki hitt þennan mann, ég held hann sé ekki til.
>
> Steinar Þór Ólafsson



### Örsaga úr atvinnulífinu

Saklausi hálftíma stöðufundurinn kl. 10.

| | |
|---|---|
| 09.00 | Mættur í vinnuna. |
| 09.10 | Búinn að koma þér fyrir, byrjaður að vinna. |
| 09.45 | Outlook áminning um fundinn. Einbeitingin farin. |
| 09.59 | Stendur upp frá borðinu. |
| 10.05 | Hópurinn tínist inn á fundinn. |
| 10.07 | Beðið eftir einum sem gleymdi sér. |
| 10.12 | Fundurinn hefst. |
| 10.30 | Enginn stýrir fundi, fundargestir ílengjast. |
| 10.45 | Fundinum lýkur. |
| 10.55 | Fyllir á kaffibollann, kominn í básinn þinn. |
| 11.10 | Einbeitingin komin aftur. |
| 11.55 | Kollegi spyr hvort þú ætlir ekki í mat. |

Og þannig er morgunninn þinn horfinn.

### Viðvera ekki sama og afköst

Viðvera í vinnu er ekki endilega það sama og afköst. „Það sem öll fyrirtæki eru frábær í að framleiða á skrifstofunni er truflun. Þetta er svo óáþreifanlegt, fólki finnst oft að ef þú ert ekki í húsi sértu ekki að vinna, en svo geturðu verið í húsi og verið truflaður allan daginn og nærð ekki fókus eða dýpt í það sem þú ert að gera,“ segir hann en mismunandi er eftir fyrirtækjum hversu auðvelt það er fyrir starfsfólk að sinna vinnu heiman frá sér.

„Ef þú treystir einhverjum til að vera í vinnu, jafnvel fara fyrir fjármagni og stýra verkefni upp á tugmilljónir, af hverju treystir þú honum ekki til að vinna heima hjá sér? Það er auðveldast að mæla hvað þú varst lengi á skrifstofunni frekar en að mæla hvað þú gerðir í vinnunni.“

„23 mínútur og 15 sekúndur er tíminn sem það tekur að ná fókus eftir truflun,“ segir hann en það er samkvæmt nýlegri rannsókn Háskólans í Kaliforníu í Irvine. „Það getur verið fundur eða bara kollegi sem dettur á borðið hjá þér og spyr – er ég að trufla?“ segir hann, en fundir eru eitt af því sem mögulega er hægt að hafa áhrif á.

### Sérstakir fundadagar

„Það er fullt af fólki hér heima farið að grúppa fundi í staðinn fyrir að smyrja þeim yfir alla vikuna. Fimmtudagar og föstudagar eru þá bara fundadagar. Hina dagana

Framhald á síðu 14




20% afsláttur af öllum Hugo Boss vörum dagana 24.-29. október
Finndu þinn Hugo Boss ilm

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# TILVERAN



er verið að sinna verkefnum sem þarf að vera að sinna. Að einhverju leyti skortir fólk þor til að vera þessi týpa.“

Steinar segir að þær rannsóknir sem hann hafi skoðað komi niður á sama hlutinn hvað varðar vinnuaðstæður. „Allir segja að það sem skipti þá mestu máli í vinnunni upp á að geta orðið meira úr verki sé næði. Ef maður er alveg hreinskilinn með þessi opnu vinnurými þá snýst þetta auðvitað um að það er ódýrara. Það er auðvelt að mæla kostnaðinn við glerskilrúm eða gifsplötur en það er miklu erfiðara að mæla framleiðnitapið af truflunum,“ segir hann.

„Það er slæmt þegar fólk þarf að vera lengur í vinnunni, eftir fimm þegar það fær loksins vinnufrið, eða þarf að koma í vinnuna um helgar til að klára einhverjar skuldir,“ segir Steinar.

Það er einfölduð útgáfa að kenna rýminu um allar truflanir. „Það er rosalega auðvelt að segja að þetta sé allt vinnurýminu að kenna en rýmið er ekki neitt nema fólkið sem er í því. Þetta snýst allt um hvernig þú hagar þér í rýminu sem þú vinnur í.“

**Bókasafnsreglan er góð**

Lausnin gæti verið að setja umgengnisreglur. „Fyrirtæki ættu að móta sér umgengnisreglur,“ segir hann en dæmi um reglu gæti verið að allir símar verði að vera stillir á þögla hringingu.

„Svo hafa sumir vinnustaðir sett sér þá reglu að það eigi að haga sér í vinnurýminu eins og á bókasafni,“ segir Steinar, sem mælir með bókasafnsreglunni, en allir ættu að skilja hana.



„Fullkomna vinnurýmið er ekki til. Þetta hefur allt kosti og galla og hentar mismunandi eftir því hvernig vinnustaðirnir eru en það er búið að sanna að ákveðið hegðunarmynstur hentar betur en annað og það er að trufla minna. Það er auðveldara fyrir starfsfólkið ef það er til stefna frekar en að það sé einhver einn sem þurfi að vera fúli Skúli. Það er sjaldnast farið í stefnumótunarvinnu um hvernig við ætlum að láta okkur líða betur í vinnunni eða hvernig við ætlum að vinna betur saman.“



Til viðbótar við leitina að gullna jafnvæginu kemur pressan á að elska vinnuna. „Þetta er orðið baneitrað. Við erum farin að einkenna sjálfið okkar út frá vinnunni. Hver ég er sem manneskja fer eftir því hvað ég geri í vinnunni, eins og það sé það sem er merkilegast í mínu fari?“

Frasinn um að ef þú finnur ástríðuna og sinnir henni, þurfir þú aldrei að vinna dag í lífi þínu er vel þekktur. „Eins og það sé eitthvað glatað að vinna? Er ekki bara allt í lagi að fara í vinnuna og sinna henni og svo geturðu átt þér einhverja ástríðu og áhugamál fyrir utan vinnu?“ spyr Steinar.

**Má vera bara vinna**

Samkvæmt rannsókn Gallup í Bandaríkjunum tengir meirihluti fólks ekkert sérlega við starfið sitt. „Auðvitað eru einhverjir sem elska það sem þeir gera en fyrir flesta er vinna bara vinna,“ segir hann en samkvæmt nýrri rannsókn Deloitte vestra finna 20% fólks til köllunar gagnvart vinnunni. „Allir hinir eru bara í vinnunni,“ segir Steinar.

„Líka þessi misskilningur að ef þú finnur vinnu við eitthvað sem þú hefur ástríðu fyrir, sé það alltaf skemmtilegt. Þú getur verið í vinnu sem er ekki bara háar fimmur og hlátur en þér finnst þú vera að gera eitthvert gagn.“

Það er orðið einhvers konar altari sem fólk biður við, að vera alltaf í vinnunni, og fólk skilgreinir sig út frá stöðu. „Það að vera framkvæmdastjóri, það er ég. Eitraða Bónusspjallið byrjar á – er ekki brjálað að gera í vinnunni? Og endar á – svo verðum við að fara að hittast.“

Í þessu samhengi þýðir brjálað „gott og ef ekki, þá er eitthvað að“. Ef þú kemst á toppinn ertu flottastur en Steinari finnst kominn tími á að breyta þessu gildismati.



„Vinnan má vera athöfn sem þú notar til að borga reikninga og kaupa þér frítíma. Ég vil geta unnið minna og ég vil ekki þurfa að taka vinnuna með mér heim og besta leiðin til þess er að mér verði eitthvað úr verki. Hvað þarf ég þá að gera til að mér verði meira úr verki í vinnunni? Jú, ég þarf að fá meira næði og vera á færri fundum. Til að fá betra líf utan vinnunnar þarftu að vera skilvirkari í vinnunni.“



## Baráttan við tölvupóstinn

Þegar fólk á von á vinnutengdum tölvupósti utan vinnutíma, sem það gæti þurft að takast á við, hefur það slæm áhrif á heilsu ekki aðeins starfsmannsins sem um ræðir heldur einnig á fjölskyldu hans. Það að eiga von á tölvupósti hefur áhrif á streitustig og kvíða sem hefur neikvæð áhrif á heilsu. Þetta kemur fram í rannsókn Williams Becker, prófessors við Pamplin-viðskiptaháskólann sem er hluti af Virginia Tech.

Mismunandi kröfur einkalífsins og vinnunnar takast á og koma starfsmanninum í klemmu, sem vekur upp kvíða og setur bæði vinnuna og einkalífið í hættu, að sögn Beckers. Það sem er áhugavert er að starfsfólkið þarf ekki að eyða neinum tíma í vinnu utan hefðbundins vinnutíma til að finna fyrir þessum áhrifum. Bara það að þurfa mögulega að vera til taks eykur álagið á starfsfólkinu og nánustu fjölskyldu. Rannsóknin leiðir enn fremur í ljós að sveigjanlegur vinnutími geti breyst í vinnu án nokkurra marka. Samkvæmt Becker geta samskiptastefnur innan fyrirtækja dregið úr streitu.

Það vakti mikla athygli þegar Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, sagði í viðtali við Fréttablaðið síðastliðið vor að hann hefði beðið stjórnendur fyrirtækisins um að senda ekki tölvupósta eftir klukkan tvö á föstudögum. „Þeim tölvupósti sem fólk sendir þá verður hvort sem er ekki leyst úr fyrr en á mánudegi, en getur truflað mikið samstarfsfólk þegar það á að einbeita sér að sjálfu sér og fjölskyldu,“ sagði hann.

**Hvenær þarf að svara?**

Steinar segir fá hérlend fyrirtæki hafa samskiptastefnu. Hvenær er eðlilegt að ég sendi tölvupóst og hvenær ekki? Hvenær er ætlast til þess að ég bregðist við? Þetta eru spurningar sem hann segir starfsmenn þurfa að vita svarið við. Aftur á móti skipti samskiptastefna litlu máli nema stjórnendur sjái til þess að henni sé framfylgt og sýni gott fordæmi.

„Dyggðin er fólgin í að þeim mun oftar sem þú skoðar tölvupóstinn og því styttri sem svartíminn er, þeim mun líklegra er að þú fáir klapp á bakið eða stöðuhækkun,“ segir hann að sé oft raunveruleikinn.

**Lög í Frakklandi**

Í Frakklandi er þetta komið í lög. „Fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn þurfa að hafa samskiptastefnu, það er bara skilyrði. Það er ætlast til þess að þú þurfir að vera til taks innan þessa tímaramma en þar fyrir utan ertu ekki í vinnunni. Þeir kalla þetta frelsun undan stafrænu ólinni, sem snjallsímar og fartölvurnar séu.“

Einhverjir kannast ef til vill við að hafa fengið póst frá samstarfsfélaga sem segir – heima með veikt barn en er við póstinn. „Ef þú ert heima með veikt barn, ertu þá ekki bara heima með veikt barn?“ spyr Steinar? „Fyrirtækið sem ég vinn hjá er 90 ára. Það að ég sé veikur heima í einn dag og svari ekki pósti þann daginn hefur bara engin áhrif á rekstur þessa fyrirtækis í stóru myndinni.“

# Samskipti og vinnustaðamenning

Doktor.is



Það er alþekkt að fyrirtæki og rekstrareiningar byggja á mannauði sem er drífandi krafturinn í starfi þeirra og það er viðurkennt að án hans eru þau lítils eða jafnvel einskis virði. Þá virðist engu skipta hversu stórar þessar einingar eru né heldur hver starfsemin er, „fólkið er fyrirtækið“ sagði einhver. Það er auðvitað mikill áherslumunur hvernig þessu er haldið fram og stjórnendur ekki allir jafn duglegir að flagga fólkinu sínu sem grunnstoð rekstrarins. Þá eru ekki öll fyrirtæki á sama stað hvað varðar heilsu- og vinnuvernd starfsmanna sem skiptir líka verulega máli í þessu samhengi.

En það er ekki nóg að hafa mikið af hæfu fólki, heldur þurfa einstaklingarnir að vera þátttakendur í hugmyndafræðinni og upplifa sig sem hluta af heild eða teymi sem er reiðubúið að ganga lengra í að ná markmiðum sínum. Starfsmenn þurfa að finna að þeir geti verið virkir og skapað þann árangur sem ætlast er til af þeim og á sama tíma að upplifa vellíðan á vinnustað og brennandi áhuga á að leysa verkefni dagsins. Þarna skilur á milli þeirra rekstrareininga sem ná raunverulegum árangri og hinna sem sitja eftir og virðist ekki skipta máli hvert eðli rekstrarins er.

Vinnustaðir eru margir með opin vinnurými, sameiginlega fundaraðstöðu og nálgun á samskipti innan fyrirtækisins. Aðrir eru enn að vinna með skrifstofur og er ákveðinn munur á því hvernig vinna er skipulögð. Álag er oft mikið og vinnan fer fram bæði innan sem utan veggja vinnustaðar. Ekki er til nein töfralausn varðandi þetta og rannsóknir til sem styðja báðar nálganir. Meginniðurstaðan er að samskipti og nálgun á heildina skipti meira máli en aðstaðan og getur munað allt að þriðjungi á framlegð þeirra sem hugsa vel um mannauð sinn og móral á vinnustað. Það er því eftir miklu að sækjast og sannarlega eitthvað sem allir stjórnendur þurfa að vera vökulir yfir.

Það eru vissulega nokkrar leiðir að þessu takmarki og vafalítið er þörf á því að staldra við og hugsa á leiðinni hvort rétt sé haldið á spilunum, en það má segja að nokkur atriði séu mikilvægari en önnur samkvæmt þeim gögnum sem liggja til grundvallar. Þar má nefna hluti eins og að hafa skýr markmið og stefnu, setja viðskiptavininn í öndvegi, vera reiðubúinn að mæta breytingum hratt og örugglega, deila upplýsingum og vera opinská gagnvart starfsfólki, hampa hæfileikum starfsmanna, sýna jákvæðni og hrósa reglubundið starfsfólkinu og hvetja það til dáða, hugsa vel um heilsu þess og síðast en ekki síst að skilgreina ábyrgð í verkum og verkferlum.

Þetta hljómar mjög vel á pappír en er öllu erfiðara í reynd og stjórnendur og starfsfólk eiga fullt í fangi með að uppfylla jafnvel bara eitt þessara atriða sem nefnd eru hér að ofan. Það er þó ljóst að þar sem tekst vel til og samskipti eru jákvæð og uppbyggileg, auk þess sem verkefni eru hæfilega krefjandi, starfsfólkið hefur trú á þeim, stjórnendum sínum og samstarfsfólki, aukast líkurnar á að ná árangri til muna.

Það þurfa allir að róa í sömu áttina ef menn vilja komast leiðar sinnar og í síbreytilegu umhverfi getur verið þrautin þyngri að ná að halda einbeitingunni við þau markmið sem stefnt er að. Góður mórall er því nauðsynlegur og hann byggist á mörgum þáttum, en líklega er sá stærsti að hver einstaklingur skiptir máli og að hann fái notið sín til fulls innan þess ramma sem skilgreindur er í þeirri rekstrareiningu sem hann tilheyrir. Það er mikil áskorun.

**Teitur Guðmundsson**
læknir

bauhaus.is

# BAUHAUS®




**Liggjandi einhyrningur úr akrýlefni**
Með 60 hvítar LED-perur. 26 x 43 x 40 cm.
IP44-vottaður til notkunar utanhúss.




**Smáfuglar, úr akrýlefni**
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð 11,5 cm.
IP44-vottaðir til notkunar utandyra.




**Úlfur úr akrýlefni**
Með 200 hvítum LED-perum. 83 x 20 x 67 cm.
IP44-vottaður til notkunar utanhúss.

## JÓLIN ERU KOMIN Í BAUHAUS!




**Mýs úr akrýlefni**
5 stk. Með 40 hvítum LED-perum. Hæð 6 cm.
IP44-vottuð til notkunar utanhúss




**Snjókarl og jólasveinn, úr akrýlefni**
Með 80 hvítum LED-perum. 40 x 17 x 39 cm.
IP44-vottaðir til notkunar utanhúss.



**Svanur úr akrýlefni**
Með 80 hlýlega hvítum LED-perum. 49 x 27 x 40 cm. IP44-vottaður til notkunar utanhúss.
150 LED-perur 67 x 34 x 55 cm........................27.995,-

**15.995,-**

**Fuglahús með fugli, úr akrýlefni**
Með 20 hvítum LED-perum. 23 x 23 x 26 cm. IP44-vottað til notkunar utanhúss.




## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Dáðst að landkönnuðinum Dór sem horfir yfir Tungnaáröræfin.

# Steinrunninn landkönnuður

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Tungnaáröræfi eru ósnortin en lítt gróin víðerni sem teygja sig upp eftir Tungnaá að vestanverðum Vatnajökli. Þarna skiptast á svartir sandar og eldfjöll með hraunum sem sum eru aðeins 150 ára gömul. Landslagið minnir á tunglið en einfaldar útlínur svartklæddra fjallanna hafa löngum fangað athygli landslagsljósmyndara og málara. Á þessum slóðum eru frábærar gönguleiðir sem alltof fáir hafa spreytt sig á. Ein þeirra liggur að klettadranga sem heitir Dór og er í um 900 m hæð milli tveggja fjallabálka, Gjáfjalla og Bláfjalla.

Úr fjarlægð líkist Dór ófrýnilegu trölli með bakpoka sem stefnir inn að jökli. Þegar nær er komið sést að þessi tæplega 20 metra hái klettur er býsna vinalegur og gaman að setjast í kjöltu hans. Skammt frá eru lágvaxnari afkvæmi hans, klettar sem gaman er að príla upp á. Sagt er að Dór hafi verið jötunn sem varð að kletti í dagrenningu en á 19. öld var nafnið notað fyrir rekbor eða grannan járnstaut. Yngsta kynslóðin tengir þó nafnið við sjónvarpshetjuna heimsfrægu Dóru landkönnuð, sem sífellt kannar framandi svæði. Á Tungnaáröræfum má einmitt líkja Dór við landkönnuð sem horfir yfir þessu mögnuðu víðerni.

Það er auðvelt að komast inn í Tungnaárbotna á fjórhjóladrifnum bílum. Ekið er fram hjá Veiðivötnum og stefnan tekin á Jökulheima, skammt frá upptökum Tungnaár. Þar eru tveir skálar í eigu Jöklarannsóknafélags Íslands sem félagið notar sem bækistöð fyrir jöklaferðir sínar. Hægt er að gista í skálunum ef haft er samband við félagið eða gista í tjaldi á vikurbornu undirlagi. Vestan við Jötunheima liggur vegslóði í norðaustur inn að Heljargjá og Bláfjöllum en frá bílastæði sem er þar er aðeins nokkurra km ganga að Dór. Þarna býðst frábært útsýni yfir Vatnajökul austanverðan með Kerlingunum tveimur (1339 m og 1207 m). Einnig sést vel til Langjökuls og Kerlingarfjalla og í norðri eru Hágöngur og Vonarskarð. Fyrir sprækt göngufólk er tilvalið að ganga að Dór frá Jötunheimum og tekur slík ganga daginn. Er þá tekin stefna í norðvestur eftir svörtum söndum og tilvalið að halda eystri leið til baka. Leiðin er ekki stikuð og því skynsamlegt að hafa með GPS-tæki. Þetta er landkönnun eins og hún gerist best á einhverjum mögnuðustu og fáförnustu víðernum Íslands.



Fókus á hjarta landsins



Príląð upp á bakpoka Dórs. MYNDIR/ÓMB



Dór stendur hátt eða í um 900 m hæð og við rætur hans er gríðarlegt útsýni.

# NÚ SKAL SPILA!

# ÖLL SPIL 30% AFSLÁTTUR




MIKIÐ ÚRVAL!


Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 28. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Sjálfri sér verst



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hér skal ósagt látið hversu oft þau hafa heyrst orðin sem Bogi Ágústsson lét nýverið falla í fréttatíma RÚV: „Mikil óvissa ríkir nú um hvað tekur við í breskum stjórnmálum.“ Víst er að þau hafa heyrst ótal sinnum frá því úrslit í hinni ógæfulegu þjóðaratkvæðagreiðslu um Brexit voru ljós.

Það er þungbært að horfa á þjóð kalla sjálfviljuga yfir sig glundroða og upplausn og standa síðan eftir ringluð og ráðvillt. Einmitt þannig er komið fyrir bresku þjóðinni. Misvitrir stjórnmálamenn teymdu hana út í þjóðaratkvæðagreiðslu um veru í Evrópusambandinu. Í kosningabaráttunni var hver lygin á fætur annarri borin á borð fyrir kjósendur. Þeir sem lugu mest og höfðu hæst áttu ekki von á að úrslit kosninganna yrðu á þann veg að Bretar höfnuðu Evrópusambandinu. Það gerðu þeir og stór hluti þeirra er nú gripinn aðskilnaðarkvíða, og það ekki að ástæðulausu.

Í rúm þrjú ár hefur atburðarásin í Brexit verið eins og í kvikmyndinni Groundhog Day, hver dagur er nánast eins. Það eina sem hefur breyst er að breska þjóðin gerir sér æ betri grein fyrir því að stjórnmálamenn hennar eru duglitlir og ráðalausir. Forsætisráðherrann Boris Johnson er reyndar alltaf jafn borubrattur þrátt fyrir að hann hljóti að vita innst inni að það er þjóðinni ekki fyrir bestu að standa utan Evrópusambandsins. Egóið rekur hann áfram. Hann er óneitanlega meiri karakter en forveri hans, hin sviplitla Theresa May, og töffaraleg orð hans um að hann vilji frekar liggja dauður ofan í skurði en sækja um útgöngufrest til Evrópusambandsins eru orðin fleyg. Kannski eru þau það eina eftirminnilega sem breskur stjórnmálamaður hefur sagt um málið í öll þessi ár. Ekki hefur leiðtogi Verkamannaflokksins, Jeremy Corbyn, haft mikið fram að færa, enda gamaldags sósíalisti sem sér enga ástæðu til að berjast í þágu Evrópuhugsjónarinnar. Ólán Breta er mikið og margvíslegt og hluti af því er að Verkamannaflokkurinn skuli ekki eiga formann sem dugar.

Brexit-þreytu gætir í breskum fjölmiðlum og það svo mjög að Sky sjónvarpsstöðin er farin að auglýsa hvar áhorfendur geti horft á Brexit-lausar fréttir stöðvarinnar. Fréttamenn eru orðnir leiðir á að segja frá sömu tuggum stjórnmálamannanna dag eftir dag, viku eftir viku og ár eftir ár. Þeir gera sér grein fyrir því að almenningur er orðinn enn þreyttari en þeir. Engin furða miðað við að sama atburðarás hefur verið í gangi í nokkur ár með engri niðurstöðu annarri en þeirri að málinu er frestað.

Auðvitað átti Brexit aldrei að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Forsætisráðherrann sem ýtti málinu úr vör, David Cameron, er dæmi um stjórnmálamann sem brást þegar þörf var á því að hann stæði í lappirnar. Vanhæfni hans varð til þess að í dag er breska þjóðin klofin og í sárum. Í aðdraganda kosninga var hún blekkt og að henni logið. Æ fleiri átta sig á því, en of seint. Breska þjóðin var sjálfri sér verst og þarf nú að takast á við afleiðingarnar.

> **Það eina sem hefur breyst er að breska þjóðin gerir sér æ betri grein fyrir því að stjórnmálamenn hennar eru duglitlir og ráðalausir.**

### Halldór




### Frá degi til dags

**Ekki meira en öld**
Samkvæmt vísindafréttum þá er eilíft líf innan seilingar. Í Íslandi í dag steig fram ágætur maður sem stefndi á að verða 200 ára. Það hlýtur að vera gjörsamlega óbærilegt. Í gegnum söguna hafa eldri borgarar aldrei skilið neitt í táningum. Ímyndið ykkur samræður 200 ára einstaklings við einhvern gervigreindartáning. Það er útilokað að þær yrðu uppbyggilegar. Besta lausnin fyrir alla yrði pilla sem lætur alla halda góðri heilsu í 100 ár en þeir detti samstundis dauðir niður við þau tímamót. Annað er ekki á fólk leggjandi.

**Ekkert mál fyrir ál**
Andri Snær varð brjálaður yfir viðtali Moggans við Pétur Blöndál. Rithöfundurinn þolir ekki ál og er það skiljanlegt. Þetta er auðvitað bölvaður óþverri. En hvað á að koma í staðinn? Það kemur ekki til greina að hætta að drekka kók. Plastið er viðbjóður, glerið vesen og seint mun nokkur maður drekka kók úr pappafernu. Grænkerar verða brjálaðir ef við búum til gelatíndósir. Kannski er hægt að búa til kísilflöskur? Það gæti reddað þjóðarbúinu, Arionbanka og orðspori Magnúsar Garðarssonar. Kísilverin þurfa á því að halda eftir hrinu slæmra tíðindi. Eina jákvæða í þeirra rekstri er að það er bara búið að skjóta tvo starfsmenn fyrir norðan en það þykir lítið í alþjóðlegu samhengi.
bjornth@frettabladid.is

## Ferðamannaborgin Reykjavík



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og formaður borgarráðs

Í samstarfi við helstu hagsmunaaðila vinnur Reykjavíkurborg nú að nýrri ferðamálastefnu, sem á að leiða veginn að Reykjavík sem spennandi áfangastað fyrir ferðamenn, í sátt við íbúa, atvinnulíf, umhverfi og menningu. Lokaskrefin nú eru að vinna úr tillögum sem komu úr opnu umsagnarferli svo til verði fullmótuð stefna um snjalla, aðgengilega og umhverfisvæna ferðamannaborg.

Ferðaþjónustan er mikilvæg stoð atvinnulífsins, sem skapar fyrirtækjum, einstaklingum og opinberum aðilum miklar tekjur. Hún hefur líka verið jákvæður drifkraftur í þróun og uppbyggingu borgarinnar. Nú er tímabært að skapa ferðamennsku í Reykjavík heildstæðan ramma til að þessi atvinnugrein geti vaxið á sjálfbæran hátt. Á undanförnum áratug hefur fjöldi ferðamanna stóraukist með tilheyrandi áhrifum á mannlíf borgarinnar, íbúana og atvinnulífið. Þessi gróska hefur einnig reynt á innviði borgarinnar og þolrif íbúa, ekki síst þeirra sem búa nærri miðborginni. Því er mikilvægt að uppbygging borgarinnar, sem áfangastaðar ferðamanna, verði í sem mestri sátt á milli íbúa og ferðaþjónustunnar og að Reykjavíkurborg efli bæði samtal og upplýsingagjöf. Meginmarkmið ferðamálastefnunnar eru þrjú. Að Reykjavík sé lifandi og framsækin mannlífsborg, umvafin einstakri náttúru. Lögð verður áhersla á sérstöðu Reykjavíkur og hennar skapandi listalíf, öflugt þekkingarstarf og hágæðaþjónustu en líka einstaka náttúru.

Að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu í sátt við samfélagið, m.a. með því að stefna að kolefnisjafnaðri ferðaþjónustu með minni neikvæðum umhverfisáhrifum, betur dreifðu álagi um borgina og með auknu samtali við íbúa.

Að stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, sem snýr að ferðaþjónustu, verði samræmt, einfaldað, skilvirkt og snjallt með markvissri uppbyggingu stafrænna lausna fyrir gesti, borg og borgarbúa. Ferðamálastefnan á að verða leiðarvísir að betri borg sem auðgar líf okkar allra, hvort sem við búum hér, störfum eða erum velkomnir gestir.

> **Því er mikilvægt að uppbygging borgarinnar, sem áfangastaðar ferðamanna, verði í sem mestri sátt á milli íbúa og ferðaþjónustunnar.**




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Jón Þórisson jon@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Uppskeruhátíð

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Yfirleitt veit það ekki á gott þegar dyrabjöllunni er hringt heima hjá fólki í fastasvefni kl. sex að morgni. Öðru máli gegnir ef síminn hringir á slaginu sex um miðjan október, einkum ef símtalið kemur frá Stokkhólmi. Kona sem ég þekki til í Cambridge fyrir utan Boston var vakin með slíkri upphringingu um daginn. Hringjarinn kynnti sig, hann hringdi fyrir hönd Konunglegu sænsku vísindaakademíunnar til að tilkynna að konunni hefðu verið veitt Nóbelsverðlaun í hagfræði við þriðja mann. Hringjarinn vildi einnig fá að tala við manninn hennar. Þau þökkuðu bæði kærlega fyrir sig. Að nokkrum mínútum liðnum hringdi síminn aftur. Hringjarinn frá akademíunni hét Adam Smith og spurði hvort hann mætti taka stutt símaviðtal við þau og taka það upp til dreifingar á vefsetri akademíunnar. Það er í góðu lagi, sagði konan, en þú verður því miður að tala við mig eina því maðurinn minn fór aftur að sofa.

Hún er Frakki, heitir Esther Duflo, er prófessor í hagfræði í Tækniháskólanum í Massachusetts (MIT) og er yngst þeirra 84ra hagfræðinga sem sæmdir hafa verið Nóbelsverðlaunum frá því þau voru fyrst veitt 1969. Hún deilir verðlaununum með Abhijit Banerjee sem er Indverji, gekk í skóla í Kalkúttu og gerðist fyrst kennari hennar og síðan samstarfsmaður á MIT og loks eiginmaður hennar. Hann mun vera eini Nóbelsverðlaunahafi sögunnar sem fór aftur að sofa eftir að tilkynningin barst frá Stokkhólmi. Þriðji verðlaunahafinn að þessu sinni er Bandaríkjamaðurinn Michael Kremer, hagfræðiprófessor í Harvard-háskóla hinum megin við Charles-ána sem rennur í gegnum Cambridge.

**Tilraunahagfræði**

Verðlaunin fengu þremenningarnir fyrir tilraunir í þróunarhagfræði að hætti lækna. Þegar læknar prófa nýtt lyf setja þeir gjarnan saman úrtak úr stórum hópi fólks og gæta þess að fólkið veljist í úrtakið af handahófi þannig að allir eigi sömu líkur á að lenda í úrtakinu. Síðan skipta þeir úrtakinu í tvennt svo báðir hóparnir séu sem næst því að vera alveg eins. Svo gefa þeir öðrum helmingnum lyfið og hinum ekki. Ef hópurinn sem fékk lyfið sýnir viðbrögð og hinn ekki þá álykta læknarnir að viðbrögðin hljóti að stafa af lyfinu úr því að lyfjagjöfin var eini marktæki munurinn á hópunum tveim.

Þessa einföldu aðferð læknanna heimfærðu þremenningarnir og aðrir ásamt þeim upp á rannsóknir á kjörum fátæks fólks víða um heim til að svara spurningum eins og t.d. þeirri hvort ormahreinsun í skólum hafi áhrif á námsástundun indverskra barna (svarið var já) eða hvort hreint vatn sé tiltækara í indverskum þorpum þar sem konur frekar en karlar ráða ríkjum (svarið var já). Þegar slík svör fást úr miklum fjölda einfaldra tilrauna sem þessara verður til ný mynd af veruleika fólksins sem um er fjallað. Þau Banerjee og Duflo lýstu rannsóknum sínum fyrir almenningi í bók sinni Fátækrahagfræði (Poor Economics) 2011.

**Margar vistarverur**

Hagfræðingum er stundum legið á hálsi fyrir að kasta netum sínum ekki nógu víða, einblína á hagkvæmni og vanrækja mikilvæg mál eins og t.d. skiptingu auðs og tekna. Þessi aðfinnsla á að minni hyggju rétt á sér, en margir hagfræðingar hafa tekið hana til sín með tímanum og brugðizt við henni. Nóbelsverðlaun í hagfræði síðustu ár vitna um þessi viðbrögð og sýna að hagfræði snýst ekki eingöngu um hagkvæmni.

Í fyrra hlutu verðlaunin þjóðhagfræðingurinn Paul Romer í New York-háskóla fyrir framlag sitt til hagvaxtarfræði sem er náskyld þróunarhagfræði og umhverfishagfræðingurinn William Nordhaus í Yale-háskóla fyrir rannsóknir á efnahagsafleiðingum hlýnunar loftslags. Í hittiðfyrra voru verðlaunin veitt Richard Thaler í Chicago-háskóla fyrir framlag hans til hagsálarfræðinnar sem umbyltir sumum eldri hugmyndum hagfræðinnar. Árið þar áður 2016 fengu verðlaunin Bretinn Oliver Hart í Harvard-háskóla og samverkamaður minn Finninn Bengt Holmström á MIT fyrir samningafræði. Þar áður fengu verðlaunin Skotinn Angus Deaton í Princeton-háskóla 2015 fyrir rannsóknir á neyzlu, fátækt og velferð og Frakkinn Jean Tirole í Toulouse-háskóla í Frakklandi fyrir rannsóknir á markaðsveldi og samkeppniseftirliti. Þessar verðlaunaveitingar sýna að í húsi hagfræðinnar eru margar vistarverur.

**Hæstu tindar**

Nóbelsverðlaunaveitingar á hverju hausti eru kærkomin uppskeruhátíð þeirra fræðigreina og vísinda auk friðar og bókmennta sem verðlaunin ná til. Tilhæfulaus hégómi, segja sumir. Ekki ég.

Nóbelsverðlaun gera gagn með því m.a. að senda ungu fólki um allan heim skýr boð um að hægt er að klífa hæstu tinda víðar en til fjalla eða í íþróttum, kvikmyndum og listum.




# Arðbærar loftslagsaðgerðir



**Ingólfur Hjörleifsson**
aðjúnkt við Verkfræði- og náttúruvísindasvið

**Þörf er á lagabreytingum svo að við sem þjóðfélag getum haft aðra vitsmunalegri og arðbærari atvinnuvegi en málmbræðslu, sjávarútveg og ferðaþjónustu.**

Aðgerðir í loftslagsmálum fram til ársins 2030 kalla á róttækar breytingar í lagaumhverfi svo að stöðugleiki þjóðarbúsins haldist í hendur við loftslagsgæði. Hér verða dregnir upp þrír orsakavaldar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og aðgerðaáætlun fyrir breyttu lagaumhverfi á næstu tveimur árum sem kallar á aðkomu Alþingis.

Róttækar breytingar í lagaumhverfi bílaflotans. Rafmagnsbílum fjölgar ört eða um 15-20% á næstu árum en það nægir engan veginn til að uppfylla skilyrði Parísarsamkomulagsins frá 2016. Tilkoma Borgarlínu er vissulega mótvægisbyggjandi en takmarkaður þáttur. Ökutækjum á vegum þarf einfaldlega að fækka svo um munar.

Þörf er á nýjum og haldbærum breytingum sem samtengja bílaeign við búsetu. Nota mætti hlutfall af fermetrastærð fasteigna sem mælistiku fyrir fjölda ökutækja sem hægt væri að skrá á viðeigandi eign.

Straumsvík getur orðið hafnarsvæði fyrir skemmtiferðaskip á höfuðborgarsvæðinu. Þessum fljótandi borgum ætti að vera óheimilt að liggja við landfestar og framleiða rafmagn með brennslu jarðeldsneytis. Ef markmiðið er að þjóna þessum skipum er þörf fyrir nýtt hafnarstæði og er Straumsvík ákjósanlegur kostur. Þar eru innviðir með háspennu- og tengivirki til að mæta breyttum þörfum sem aðlaga þarf að umgjörð hafnarinnar og orkuþörfum skipanna, en væri ekki óyfirstíganlegt verkefni. Ekkert hafnarstæði á höfuðborgarsvæðinu er betur til fallið með minnsta mögulega tilkostnaði.

Svanasöngur álversins í Straumsvík er óumdeilanlegur og hefur reksturinn seinustu árin ekki gengið vel. Tækjabúnaður er gamall og með stuttu millibili hafa myndast svokallaðir ljósbogar í kerskálum verksmiðjunnar. Öll skynsamleg rök eru til staðar fyrir lokun álversins. Spara mætti útsölu þjóðarbúsins á orku til stóriðju og minnka gróðurhúsalofttegundir í sama vetfangi.

Bræðsla á málmgrjóti og útblástur olíudrifinna véla eru stærsti orsakavaldur gróðurhúsalofttegunda hérlendis. Málmbræðsla og önnur stóriðja notar á bilinu 85-90% af endurnýjanlegum orkugjöfum landsins og beinlínis hindrar nýsköpunaratvinnuvegi í að ná rekstrarlegri fótfestu. Þörf er á lagabreytingum svo við sem þjóðfélag getum haft aðra vitsmunalegri og arðbærari atvinnuvegi en málmbræðslu, sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Viðbótarrök fyrir lagabreytingum ofangreindra liða er svifryksmengun vegna umferðarþunga á vegum og svartolíubrennslu skemmtiferðaskipa.

Brýn þörf er á lagabreytingum er varða sölu Landsvirkjunar á raforku þjóðarbúsins og tilkoma sæstrengs mun auka ábata og minnka áhættu orkuframleiðenda hérlendis. Sala á raforku í gegnum sæstreng mun koma fram sem áhættudreifing fyrir Landsvirkjun þar sem selt er til nýrra aðila og undir öðrum skilmálum. Frá árinu 2016 hafa verið birtar skýrslur (Landsvirkjun, Orkustofnun, atvinnuvegar- og nýsköpunarráðuneytið, Gamma), sem sýna árlega á fimmta tug milljarða króna í aukinni hagsæld þjóðarbúsins, sem tekjur til ríkisins vegna sölu á raforku gegnum sæstreng til Evrópu. Það munar um minna en 50 milljarða.

# Betri aðbúnaður barna



**Skúli Helgason**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

**Við höfum sannfæringu fyrir því að breytingarnar muni bæta aðbúnað og velferð barna í hverfinu.**

Meirihlutinn í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar hefur lagt fram tillögu um breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi sem hafa það markmið að tryggja öllum nemendum fjölbreytta og góða menntun og styrkja félagslega stöðu þeirra. Kveikjan er samfelld fækkun barna í hverfinu og er nú svo komið að kostnaður á hvern nemanda í Korpuskóla er rúmlega tvöfalt meiri en við nemendur í grunnskólum borgarinnar að meðaltali. Breytingarnar fela í sér betri menntunarlegan aðbúnað fyrir börnin og bæta nýtingu fjármuna og leiða til meira jafnræðis á borgarvísu.

### Sterkari skólar

Tillagan felur í sér að tveir skólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Borgum og Engi ásamt frístundaheimilum á hvorum stað og einn sameiginlegur nýsköpunarskóli á unglingastigi fyrir 8.-10. bekk þar sem jafnframt verði félagsmiðstöð. Í hverjum skóla gætu orðið um 260-270 nemendur. Skólahald í Korpu leggst af, a.m.k. tímabundið, en nemendum verður boðin skólavist í Engjaskóla og tryggður skólaakstur eða strætókort til frjálsra afnota, þar til fjöldi nemenda í Staðarhverfi á aldrinum 6-12 ára hefur náð tölunni 150.

### Meiri fjölbreytni

Nemendum í Korpu hefur fækkað á undanförnum sjö árum úr 140 börnum í 59 en skólinn er byggður fyrir 170 börn. Börn í árgangi eru að meðaltali fjórum sinnum færri en í meðalskólanum í borginni og eru þau t.d. aðeins fjögur í 3. bekk. Slíkt fámenni er ávísun á verri aðbúnað fyrir börnin en við viljum bjóða okkar nemendum bæði varðandi námsframboð og félagaval. Markmið okkar er að geta boðið nemendum meiri fjölbreytni í námi og ekki síður félagslega, enda er félagsfærni einn af fimm veigamestu hæfnisþáttum nýrrar menntastefnu Reykjavíkur.

### Nýsköpunarskóli fyrir unglinga

Hugmyndin um sameinaðan unglingaskóli undir merkjum nýsköpunarstefnu nýtur mikils stuðnings ekki síst meðal nemenda sjálfra enda gefst þar tækifæri til að leggja sérstaka áherslu á frumkvæði nemenda, frumkvöðlanám, fjölbreytta sköpun og gagnrýna hugsun – þætti sem gera nemendur betur í stakk búna til að mæta fjölbreyttum áskorunum 21. aldarinnar.

### Samgöngubætur

Það er skiljanlegt að foreldrar sérstaklega yngstu barnanna í Staðarhverfi hafi áhyggjur af stöðu mála og við þeim munum við bregðast með því að tryggja yngstu börnunum skólaakstur frá Korpu í Engjaskóla þar sem fjarlægðin er 1,7 km og skipuleggja nauðsynlegar samgöngubætur til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þær fela m.a. í sér að gerð verði örugg göngu- og hjólaleið við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur, sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg og unnið verði að úrbótum á almenningssamgöngum í samvinnu við Strætó, með áherslu á fjölgun biðstöðva og tíðari ferðir.

### Nýting húsnæðis í Korpu

Við munum fara vel yfir allar góðar hugmyndir um nýtingu húsnæðisins í Korpu og vilji okkar stendur til þess að það verði áfram nýtt í þágu skóla- og frístundastarfs. Þar hafa ýmsir kostir verið nefndir, leikskólastarfsemi, samstarf við sjálfstætt starfandi skóla o.s.frv.

Tillaga meirihlutans hefur verið lögð fram í skóla- og frístundaráði og verður kynnt á næstu dögum og vikum áður en hún kemur til endanlegrar afgreiðslu. Við höfum sannfæringu fyrir því að þessar breytingar muni bæta aðbúnað og velferð barna í norðanverðum Grafarvogi auk þess að auka jafnræði barna í borginni.

MORGUNFUNDUR VFÍ Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA
FÖSTUDAGINN 25. OKTÓBER
Húsið opnar kl. 8:00 með léttum morgunverði. Dagskráin hefst kl. 8:30 og lýkur kl. 10:00



Tölvu- og netglæpir - íslenskur veruleiki

DAGSKRÁ:

Reynslusaga úr íslenskum veruleika.
Páll Á. Jónsson, formaður SVFÍ.

Af hverju erum við hér og hvað er til ráða?
Hörður Helgi Helgason lögmaður og einn eigenda Landslaga.

Tölvu- og netglæpir – Varnir og viðbrögð.
Karl Steinar Valsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Er hægt að tryggja sig gegn tölvu- og netglæpum?
Smári Ríkarðsson, framkvæmdastjóri Tryggja ehf.

Panelumræður og fyrirspurnir.
Fundarstjóri: Svana Helen Björnsdóttir, formaður Verkfræðingafélags Íslands.

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir.
Fundurinn er á vegum
Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

Verkfræðingafélag Íslands



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

# ELLINGTON
# AÐ EILÍFU



**3. nóvember** kl. 20.00
**Silfurberg**

STJÓRNANDI OG KYNNIR
**Sigurður Flosason**

SÉRSTAKUR GESTUR
**Kristjana Stefánsdóttir**

# SKAPAÐU ÞITT EIGIÐ ÆVINTÝR Á NÝJUM ASX




Nýr Mitsubishi ASX hefur verið nútímavæddur, fínstilltur og endurskilgreindur til að mæta þínum þörfum. Hann býður upp á fjöldann allan af sjónrænum uppfærslum og er einstaklega þýður í akstri sem skilar sér vel á lengri ferðum. Svo kemur hann einnig fjórhjóladrifinn sem eykur enn á öryggið. Nýr ASX 2020 hefur allt sem þarf til að skapa þitt eigið ævintýr. Komdu og hittu nýja andlit ævintýranna; endurhannaðan ASX 2020.

Skoðaðu úrvalið á
www.hekla.is/mitsubishisalur

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · BVA Egilsstöðum

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition




# Viljum við spilla meiru?



**Tryggvi Felixson**
formaður Landverndar

Í anddyri Norræna hússins má nú sjá sýningu á fjölmörgum ljósmyndum af náttúruperlum sem þegar hafa verið eyðilagðar eða eru í bráðri hættu vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Er næsta víst að margir eiga erfitt með að trúa eigin augum, þegar þeir sjá þau svæði sem eru nú í hættu. Viljum við virkilega spilla þeim? Þeim má enn bjarga. En þá þarf að stöðva þau öfl og sérhagsmuni sem vilja halda áfram á virkjunarbraut.

Sýningin heitir „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“. Tilefnið er 50 ára afmæli Landverndar en sýningin er haldin í samstarfi við Ólaf Sveinsson kvikmyndagerðarmann, sem jafnframt er sýningarstjóri, og stóran hóp ljósmyndara.

Í Landvernd eru í dag yfir 6.000 félagar og um 40 aðildarfélög. Það er traust undirstaða sem byggt verður á til að efla náttúru- og umhverfisvernd á næstu árum. Ekki veitir af.

Auk ljósmynda er stór snertiskjár í anddyri Norræna hússins með Náttúrukorti Framtíðarlandsins sem veitir yfirsýn yfir þau svæði á Íslandi þar sem virkjanir hafa verið byggðar, fyrirhugað er að nýta til orkuframleiðslu eða nýta á annan hátt ásamt ítarlegum upplýsingum. Á stóru tjaldi í ráðstefnu-, tónleika- og bíósal Norræna hússins eru sýndar fjórar stuttar kvikmyndir, þrjár eftir Ólaf Sveinsson sem hann gerði sérstaklega fyrir sýninguna og eru tengdar baráttunni gegn Kárahnjúkavirkjun, þar af ein um Ómar Ragnarsson. Sú fjórða fjallar um fyrirhugaða Hvalárvirkjun á Ströndum.

Í barnabókasafni í kjallara Norræna hússins þar sem gengið er í gegnum bókasafnið sjálft hefur verið hengdur upp fjöldi mynda af dýrum sem lifa villt í náttúru Íslands. Myndirnar eru heillandi og höfða ekkert síður til fullorðinna en barna og verða vonandi til að opna augu fleiri fyrir þeirri fegurð sem býr í fánu landsins og horfa á náttúruna, jafnt lifandi sem dauða, sem eina heild.

Átökin um nýtingu auðlinda Íslands hafa staðið í áratugi og virðast engan enda ætla að taka. Mikil verðmæti hafa glatast vegna virkjana og ef við spornum ekki við glatast enn meira. Verðmætur náttúruarfur komandi kynslóða er í hættu.

Framleiðsla rafmagns er nú þegar fimmfalt meiri en þarf til að mæta almennri eftirspurn. Þrátt fyrir það renna út sífellt fleiri rannsóknarleyfi fyrir virkjanir stórar sem smáar. Á sama tíma virðist sem þær stofnanir sem eiga að fylgja eftir lögum um vernd náttúru og víðerna vanti úrræði til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu á náttúru landsins.

Stjórnvöld eru eins og þríhöfða þurs; einn segist leggja áherslu á náttúruvernd, annar vill efla ferðaþjónustu sem byggir tilveru sína á náttúruarfi þjóðarinnar en sá þriðji veitir orkufrekum, mengandi fyrirtækjum rausnarlega fyrirgreiðslu.

Sýningin stendur til 17. nóvember er opin alla daga frá kl. 10.00 til 17.00.

# Fyrr og síðar



**Einar Benediktsson**
fyrrverandi sendiherra

> **En er fleira en fortíðarfróðleikur í almenningseign í hættu? Er það rétt að varðveislu íslenskrar tungu sé ógnað og þar með forræði þeirra fjársjóða sem hún geymir?**

Landið er lykillinn, segir umhverfisráðherra og undir tekur vafalaust ferðamálaþjónustan og þær 1-2 milljónir túrista sem hingað koma árlega. Þá hefur frá því í seinni heimsstyrjöldinni strategísku mikilvægi landlegu Íslands mjög verið haldið fram. Okkur, fulltrúum hinnar hverfandi lýðveldiskynslóðar, þykir gjörbreytt staða Íslands í næðingssömu alþjóðasamfélagi hafa breytt mjög viðhorfum eða gildum samfélagsins. Er það skuggi hryðjuverkaöldu, kjarnavopnavá eða hætta á upplausn hins ágæta Evrópusamstarfs, sem hefur dregið mjög úr áhuga og stolti á menningarlegri sögu Íslendinga, stoðinni að stöðu okkar meðal þjóða? Furðuverk er að hér í útjaðrinum eru skrifuð rit til forna um margþætta sögu hins norræna kynstofns. Frá fjaðrapenna Snorra í Reykholti kom lifandi, sígild heimildasaga um Noreg , sem ella hefði týnst.

En er fleira en fortíðarfróðleikur í almenningseign í hættu? Er það rétt að varðveislu íslenskrar tungu sé ógnað og þar með forræði þeirra fjársjóða sem hún geymir? Fólksfæð Íslendinga gerir okkur sennilega að smæsta tungumálasvæði jarðar. Því verður að spyrja: er Ísland of fámennt og berskjaldað til að þjóðtungan lifi sjálfbær? Gæti svo stefnt, t.a.m. á einni öld, að á Íslandi búi þjóðarómynd með ruglað sambland tungumála sér til tjáningar, þ.e. án hreinnar íslensku?

Þátttaka í innri markaði Evrópusambandsins með EES-samningnum er efnahagsleg líftaug Íslands. Í hálfrar aldar umræðu um ESB hefur mest verið sneitt hjá einu aðalatriði, sem bent er á í nýútkominni EES-skýrslu á vegum ríkisstjórnarinnar, þ.e. því aðalverkefni Evrópusamstarfsins sem er menningar- og menntamál. Þetta er sérstaklega áréttað í Lissabon-sáttmálanum, m.a. varðandi vernd hinna minni tungumála sem endurspegli dýrmætan margbreytileik mála- og menningararfleifðar.

EES-samningurinn er okkur dýrmætur einnig vegna þess, að hann hefur opnað leiðir fyrir Ísland til þátttöku í menningarlegum framkvæmdaáætlunum. Fram til 2018 höfðu Íslandi verið veittir styrkir frá ESB að upphæð um 200 milljónir evra til þátttöku á þessu sviði. Um er að ræða m.a. styrki til gerðar kvikmynda og sjónvarpsþátta og kynningu á þeim og til þýðinga á bókmenntum. Með Erasmus-áætluninni , sem Ísland hefur verið þátttakandi í síðan 1995, hafa um 40.000 styrkir verið veittir Íslendingum til náms við evrópska háskóla, og sömuleiðis námsmönnum frá fjölda landa til náms á Íslandi.

Vera kann að mesta lyftistöng fyrir íslenskuna og framtíð hennar hefði verið að hún væri opinbert mál í Evrópusambandinu. En sú staða er formlega ætluð aðeins þjóðtungum aðildarríkja og ekki EFTA/EES-löndum. Það ætti þó ekki að vera til trafala, að einmitt á því sviði er þörf sérstakra ráðstafana til að tryggja þá gagnkvæmu evrópsku hagsmuni sem er varðveisla þjóðtungu Íslands.

Fólk
FIMMTUDAGUR 24. OKTÓBER 2019
Tíska



Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir er hér í kjól frá Henrik Vibskov, sokkum úr Stefánsbúð og skóm frá Miista, sem fást í Yeoman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kýs fremur vönduð föt en ferðir á barinn

Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur í samfélagsmiðlum (meðal annars), lauk nýverið skrifum á handriti að nýjum sjónvarpsþætti. Hekla er mikill skóunnandi og hófst sú ást með rauðum lakkskóm. →2



**Hrekkjavakan er á fimmtudag eftir slétta viku og ekki seinna vænna að leiða hugann að hrollvekjandi gervum og búningum fyrir hátíðina sem er í miklu uppáhaldi víða um heim.** →6

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.






**Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir er hér í kjól frá Henrik Vibskov, sokkabuxum frá Cobra í Kringlunni og í skóm frá VIvienne Westwood x Asics.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Framhald af forsíðu** ➜

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Hekla fagnaði þrítugsafmæli sínu á dögunum en hún er fædd á 200 ára afmæli frönsku byltingarinnar, nánar tiltekið þann 14. júlí 1989. Líkt og franska þjóðin sem krafðist róttækra umbóta, er Hekla ástríðufull baráttukona gegn hvers kyns óréttlæti, eins og sjá má meðal annars í störfum hennar en hún vinnur um þessar mundir hjá UN Women.

*Geturðu sagt mér aðeins frá þér, hvað ertu að fást við og hver eru áhugamálin þín?*

Ég er lærður sviðshöfundur, starfandi handritshöfundur og sérfræðingur í samfélagsmiðlum hjá UN Women.

Áhugamálin mín eru allt sem tengist jafnréttismálum og mannréttindabaráttu, ferðalög, góður matur, gott sjónvarp, gott grín, gott fólk, kvikmyndir, leikhús, tíska, hönnun, hreyfing, jóga og ýmislegt fleira.

*Hvenær byrjaði tískuáhuginn?*

Þegar ég var þriggja ára fékk ég rauða lakkskó fyrir jólin og ég var svo ástfangin af þeim að mamma þurfti að hafa sig alla við til að ég væri ekki að labba á veggi og detta niður tröppur því ég gat ekki hætt að horfa niður fyrir mig, svo hrifin var ég af þeim. Þarna hófst óslökkvandi ástarsamband mitt við fallega skó.

*Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?*

Skandinavísk götutíska á virkum, 70s diskó-glam um helgar. Lífs- og litagleði í fyrirrúmi.

*Hvaðan færðu innblástur?*

Úr sjónvarpi, leikhúsi, kvikmyndum, af Pinterest, Instagram, frá vinkonum mínum og fólkinu í kringum mig.

*Áttu þér uppáhaldshönnuði?*

Heldur betur. Íslenskir hönnuðir eru alltaf að gera frábæra hluti og af þeim eru Hildur Yeoman, Aníta Hirlekar og EYGLO í miklu uppáhaldi, svo er ég mjög hrifin af Vivienne Westwood, Stine Goya og Henrik Vibskov.

*Eyðirðu miklu í föt?*

Eflaust meiru en mörgum þætti skynsamlegt, en ég vel það fram yfir ferðir á barinn og að fara út að skemmta mér. Ég er reyndar farin að kaupa minna í ljósi vitundarvakningar um neyslu og framleiðsluhætti og splæsi frekar í eitthvað eigulegra sem endist betur og er framleitt á ábyrgari hátt en hjá fatarisunum.

*Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?*

Yfirhafnir, skór og húðvörur.

*Notar þú fylgihluti og skart?*

Ég er yfirleitt með eyrnalokka og alltaf með hjúskaparhringana, annað skart nota ég mjög sjaldan.

*Hvar kaupir þú föt?*

Ég finn mér alltaf eitthvað fallegt í Stefánsbúð og Yeoman, stundum á Asos og svo leynast margar perlur í Rauðakrossbúðinni á Skólavörðustíg. Ef ég er blönk stelst ég í skápinn hennar mömmu. Annars finnst mér verslanir á Íslandi almennt standa sig skelfilega illa í að bjóða upp á stærðaúrval sem hentar íslenskum konum.

*Áttu þeir einhverjar tískufyrirmyndir?*

Jemima Kirke, Vivienne Westwood, Zoe Kravitz, Tilda Swinton og tvíburasysturnar TK Wonder og Ciprianna Quann.

*Hver er uppáhaldsflíkin?*

Köflótt kápa í öllum regnbogans litum frá Mads Nørgaard sem ég festi kaup á í vor. Ef ég væri flík væri ég þessi kápa.

*Hvað er fram undan hjá þér í haust?*

Ég var að klára að skrifa sjónvarpsseríu ásamt góðu teymi en tökur á henni hefjast í nóvember. Þann 1. nóvember verður svo landssöfnunarþáttur UN Women, „Stúlka – ekki brúður“ á dagskrá RÚV en við erum búnar að vinna að honum í rúmt ár svo það er ein allsherjar uppskeruhátíð fram undan hjá mér.



**Hérna er Hekla í kjól frá Stine Goya og skóm frá Vagabond.**




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,


20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SKÓM FRÁ
NeroGiardini
MADE IN ITALY
Gildir út laugardag 26.10
hjá
Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Mariano Di Vaio er andlit nýs herrailms frá Dolce & Gabbana. Hér sýnir hann föt frá þeim þegar herrastískan 2019 var kynnt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hæfileikaríkur og vinsæll

## Mariano di Vaio er tískubloggari, leikari, fyrirsæta og fatahönnuður. Hann er með flesta fylgjendur á Instagram af öllum karlkyns tískubloggurunum þar eða 6,1 milljón talsins.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Mariano di Vaio er með sína eigin fatalínu og hefur einnig unnið með stórum nöfnum á borð við Hugo Boss og Maserati auk þess sem hann hefur skrifað bók um aðkomu sína að tískuiðnaðinum.

Mariano di Vaio er þrítugur, fæddur á Ítalíu í maí árið 1989. Átján ára gamall flutti di Vaio til London og vann þar fyrir sér sem fyrirsæta í eitt ár. Eftir það hélt hann til New York að læra leiklist. Árið 2012 opnaði hann eigin tískubloggsíðu, www.mdvstyle.com, sem er í dag er eins konar veftímarit fyrir karlmenn. Þar skrifar hann um tísku, íþróttir, ferðalög, tónlist og kvikmyndir.

Stíll di Vaio er frekar klassískur og hann notar gjarnan gæðaföt frá ítölskum hönnuðum. Hann setti nýlega á markað línu í gamaldags stíl sem hann segir minna á fatnaðinn í þáttunum Peaky Blinders sem gerast snemma á síðustu öld en þættirnir eru í miklu uppáhaldi hjá di Vaio. Sniðin í línunni er klassísk og fáguð. Hún inniheldur glæsilega klæðskerasniðna jakka úr þægilegum og hlýjum efnum. Fötin eru í hlutlausum litum, einlit eða með látlausu mynstri. Til að toppa útlitið eru sixpensararar nauðsyn að sögn di Vaio

Tískutímaritið GQ heiðraði di Vaio við verðlaunaafhendingu á manni ársins sem tímaritið velur árlega. Hann gerði einnig nýlega samning við Dolce&Gabbana og verður andlit nýja ilmsins K sem tískurisinn hefur nýlega sett á markað. Það er því nóg að gera hjá þessum athafnamanni en auk þess að sitja fyrir í auglýsingaherferð fyrir Dolce & Gabbana, hanna skartgripi, skó, föt og gleraugu og sinna leiklistinni eignaðist hann nýlega þriðja son sinn með eiginkonu sinni Eleonoru Brunacci. Hann talaði um það í nýlegu viðtali við GQ að fjölskyldan væri í fyrsta sæti hjá honum og hann vildi ekki missa af neinu í uppvexti barna sinna. En á sama tíma væri tilnefningin hjá GQ og samningurinn við Dolce & Gabbana tækifæri sem hann yrði að grípa.



Mariano Di Vaio er fjölhæfur og með fjölda fylgjenda á Instagram. NORDICPHOTOS/GETTY



Mariano Di Vaio ásamt eiginkonu sinni, Eleonoru Brunacci. Di Vaio setur fjölskylduna í fyrsta sæti. NORDICPHOTOS/GETTY



Stíll Mariano Di Vaio er fágaður og klassískur. NORDICPHOTOS/GETTY

20% afsláttur
af Kjólum og Túnikum
fimmtudag, föstudag og laugardag
Str. 36-56/58



Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030






# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 24. - 27. OKTÓBER.

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRAVÖRUM

### LIFE PLANKTON™ MASKI

TAUMASKI MEÐ HÆSTA HLUTFALL **LIFE PLANKTON™**. HÚÐIN ER HREINSUÐ OG MASKINN HAFÐUR Á Í 8 MÍNÚTUR. SÍÐAN ER HANN FJARLÆGÐUR OG RESTINNI AF SERUMINU NUDDAÐ INN Í HÚÐINA.




**LIFE PLANKTON™** undraefnið styrkir eigin varnir húðarinnar. Það er létt og smýgur fljótt inn í húðina, róar hana og hægir á öldrunarferlinu og fegrar húðina óháð aldri og húðgerð. Sýnilegur munur á 8 dögum þegar Life Plankton serum er notað daglega. 9 af hverjum 10 konum fannst húðin fallegri, með meiri ljóma, rakanærðari og húðlitur jafnari (Mat 130 kvenna eftir 8 daga notkun). Án alkahóls, litarefni og parabena.

ÞESSI GLÆSILEGI KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU BIOTHERM VÖRUR FYRIR 8.500 KR EÐA MEIRA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

# Átján ára ofurfyrirsæta

**Ofurfyrirsætan Cindy Crawford og dóttir hennar, Kaia Gerber, vekja mikla athygli þessa dagana, ekki síst þar sem Kaia er orðin ein eftirsóttasta fyrirsæta heims.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Cindy Crawford var ein þekktasta fyrirsæta heims á níunda áratugnum. Hún var forsíðustúlka allra helstu tískublaða heims auk þess sem hún sýndi á tískusýningum allra helstu tískumerkja heims. Hún var afar eftirsótt á tískupöllunum sem varð til þess að hún fékk hlutverk í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Það vakti mikla athygli þegar hún giftist Hollywood-stjörnunni Richard Gere árið 1991 en þau skildu 1995. Hún giftist núverandi eiginmanni sínum, Rande Gerber, árið 1998 og eiga þau tvö börn saman. Dóttir þeirra Kaia er nú 18 ára og fetar í fræg fótspor móður sinnar hjá öllum helstu tískuhúsum heimsins.

Þessi unga fyrirsæta hefur þegar gengið eftir sýningarpöllum hjá meðal annars Marc Jacobs, Burberry, Alexander Wang, Coach, Prada, Chanel, Fendi, Moschino og Versace. Hjá því síðastnefnda sýndi hún ásamt móður sinni þegar vortískan 2018 var kynnt.

Sjálf segir Kaia að hún hafi alist upp í módelbransanum. Bæði faðir hennar, móðir og bróðir hafi öll verið fyrirsætur. „Það hefur mótað mig,“ segir hún. „Sömuleiðis getur það verið erfitt að hafa súpermódel sem mömmu og ég hef þurft að sanna mig,“ bætir hún við. Faðir hennar er auðugur kaupsýslumaður sem rekur bæði hótel og veitingastaði í Bandaríkjunum.



Glæsilega fyrirsætufjölskyldan saman komin. Öll hafa þau starfað sem módel og mæðgurnar Cindy Crawford og Kaia Gerber hafa báðar slegið í gegn. Með þeim á myndinni er faðirinn, Rande Gerber, og bróðir Kaiu, Presley. Myndin er tekin á viðburði í Royal Albert Hall í Lundúnum í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY



Hér er Kaia að sýna fyrir Alexander McQueen, sumartískuna 2020.



Vor- og sumartíska 2020 fyrir Stellu McCartney í París. Kaia í sumarkjól.



Hér á sýningarpallinum í París fyrir Givenchy, vor- og sumartíska 2020.



Hér sýnir Kaia Gerber fyrir Miu Miu, vor- og sumartískan 2020 í París.

Í viðtali við októberhefti Vouge segir Kaia að móðir hennar hafi alltaf lagt áherslu á heilbrigt samband. „Þegar hún kom heim úr vinnunni tók hún af sér farðann og varð bara venjuleg mamma. Fyrir það er ég þakklát. Ef mér er líkt við móður mína er það mesta hrós sem ég get fengið,“ sagði hún.

Cindy segist hafa kennt dóttur sinni eitt og annað um fyrirsætuheiminn en á móti hafi dóttir hennar kennt henni ýmislegt um samfélagsmiðla. Kaia hóf ferilinn aðeins sextán ára gömul og Cindy hefur verið gagnrýnd fyrir að leyfa henni að taka þátt í tískusýningum svona ungri. „Mér fannst allt í góðu að hún kynntist þessum heimi og hefði það skemmtilegt ef hún vildi. Ég er alltaf til staðar fyrir hana og get aðstoðað ef eitthvað kemur upp,“ segir hún.

**VERKFRÆÐI OG ARKITEKTÚR**

Sérlega flott blað um heim verkfræði og arkitektúrs í Fréttablaðinu miðvikudaginn 30. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir;**
Jóhann Waage, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


KONUKVÖLD
Í COSMO
í kvöld frá kl: 19-22.
Spennandi tilboð og veitingar í boði.
Heiðar Jónsson snyrtir mætir
og hjálpar þér að velja rétta dressið.
Ekki láta þig vanta í fjörið í kvöld.
Full búð af nýjum og
glæsilegum tískufatnaði.
COSMO
Kringlunni

# Hryllilega töff á hrekkjavöku

## Hrekkjavakan er á fimmtudag eftir slétta viku og ekki seinna vænna að leiða hugann að hrollvekjandi gervum og búningum fyrir hátíðina sem er í miklu uppáhaldi víða um heim.

Hrekkjavakan er vinsæl til partíhalds og í útlöndum nýtur fræga fólkið þess að bjóða hvert öðru í hrekkjavökuveislur og klæða sig upp í grímubúninga sem dylja heimsfrægar ásjónur þess undir blóðtaumum, andstyggilegum glyrnum og rotnandi líkamsleifum. Enn eru óséðir búningarnir sem verða fyrir valinu hjá hinum frægu og fínu í ár en til að gefa landsmönnum hugmyndir að skemmtilegri innkomu í hrekkjavökupartíin hér heima er tilvalið að skoða hverju fræga fólkið klæddist á hrekkjavökunni fyrir ári.



Á hrekkjavökunni getur maður mætt skelfilega flottu mannfólki.



Blóð rann úr munnvikum Georgiu May, dóttur Jaggers og Jerry Hall.



Kate Moss ofurfyrirsæta var eins og vampíra og uppvakningur hjá Ritu Ora.



Mick Jagger var heldur betur skrautlegur í hrekkjavökuveislu Ritu Ora.



Söngkonan Rihanna var eitursvöl að vanda.



Pixie, dóttir Bobs Geldof, ákvað að klæðast englaskarti í stað svartnættisþema hrekkjavökunnar.



Söng- og leikkonan Rita Ora mætti vitaskuld rétt klædd í eigið partí.





Tacx
castelli
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
STAGES
CASTELLI
VETRARFATNAÐURINN ER KOMINN
WWW.TRI.IS
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
CUBE LITENING
CUBE GRAVEL
CUBE AGREE
CUBE RAFMAGNSHJÓL
þú kemst hratt og örugglega á milli staða!
Rolf PRIMA
ParkTool
NEO T2 SMART
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# Heilbrigt hár í vetur

Vetrarveður taka sinn toll af hárinu. Þegar frost er úti og vindar bíta er gott að nota húfu, hatt eða slæðu til að vernda hárið, en þó ekki svo þétt um höfuðið að þrengt sé svo að blóðrás í hársverðinum að þú svitnir heil ósköp.

- Drekktu nóg af vatni til að koma í veg fyrir þurrt hár og hársvörð.
- Takmarkaðu notkun hárblásara og krullujárna þar sem hitinn þurrkar hárið og eykur enn á hárskemmdir í kuldanum.
- Farðu reglulega í klippingu yfir vetrartímann, hvort sem hárið er sítt eða stutt. Það heldur hárinu heilbrigðu og kemur í veg fyrir klofna enda.
- Þvoðu hárið upp úr volgu eða köldu vatni. Of heitt vatn þurrkar hárið og getur valdið skemmdum í hársverði sem er sérstaklega viðkvæmur í vetrarkuldanum.
- Farðu aldrei út í vetrarkuldann með blautt hárið. Leyfðu því að þorna vel áður en farið er út því ella er hætta á að frostið brjóti hárið.



**Vetur konungur getur rifið fast í hárið með kuldakrumlu sinni.**



**Sam Smith í fínu hvítu skónum sem vöktu athygli.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Karlar á hælum

Svo virðist vera sem háhælaðir karlaskór séu komnir í tísku. Að minnsta kosti sjást karlmenn æ oftar í háhæluðum skóm við hin ýmsu tækifæri. Einn af þeim er listamaðurinn Sam Smith sem hér sést á myndinni í hvítum stígvélum með háum hæl. Leikarinn Shia LaBeouf var líka á hælum þegar hann mætti á frumsýningu á kvikmyndinni Honey Boy í Lundúnum. Skórnir voru frá Gucci. Elton John hefur lengi gengið á hælum og Jared Leto hefur sömuleiðis verið á hælum.

Þá vakti leikarinn og fyrirsætan Cody Fern mikla athygli þegar hann mætti í bláum kúrekastígvélum með hæl í veislu í The Metropolitan Museum of Art's. Svo má ekki gleyma John Travolta sem gekk á hælum í kvikmyndinni Saturday Night Fever og skapaði mikla diskótísku. Þá var söngvarinn Prince ávallt á háum hælum en það gerði hann líklega til að hækka sig um nokkra sentimetra.



**Konur gengu almennt ekki í buxum fyrr en um miðja síðustu öld.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Buxnabarátta

Í sumum löndum hafa konur notað buxur í aldaraðir og það þótt hinni eðlilegasti hlutur. Sú er aftur á móti ekki raunin á Vesturlöndum. Buxur urðu ekki algengur né ásættanlegur hversdagsklæðnaður kvenna fyrr en eftir miðja síðustu öld. Fram að því notuðu konur yfirleitt ekki buxur nema við líkamsrækt eða heimilisstörf en ekki á almannafæri. Nokkrar konur tóku þó af skarið seint á 18. öld og notuðu buxur við dagleg störf. Var það einkum vinsælt meðal kvenréttindakvenna. Í fyrri og seinni heimsstyrjöldinni varð einnig algengara að sjá konur í buxum við dagleg störf sem þær sinntu í auknum mæli utan heimilis þar sem karlmennirnir voru margir að berjast í stríðinu. Buxur sem tískufatnaður fyrir konur urðu þó ekki algengar fyrr en á 7. og 8. áratugnum þökk þeim femínistum sem kröfðust þess að mega nota buxur líkt og karlmenn.



## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Garðyrkja

**SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.**
Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.
**Hjörleifur Björnsson**
**skrúðgarðyrkjufræðingur**
**s:662-6625**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggiltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Önnur þjónusta

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU.**
Auðbrekka - leiga
Skrifstofu-, verslunar- og atvinnubil
100 - 450 fm
GSM 690 3031
**Nánar uppl. s. 840 3992**

**IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk. Laust strax.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**
**Grensás ehf. / Ragnar**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is









**Hyundai i30 dísil**
Nýskráður 3/2011, ekinn 161 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 790.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði.*



**Honda Civic Sport Plus**
Nýskráður 10/2017, ekinn 26 þús.km., bensín, beinskiptur, lækkunarsett, auka felgur og dekk.
**Verð kr. 2.890.000**
Afborgun kr. 36.110 á mánuði.*



**Honda CR-V Lifestyle**
Nýskráður 2/2014, ekinn 82 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**
Afborgun kr. 42.190 á mánuði.*




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Tilboð kr. 1.790.000**
Afborgun kr. 22.426 á mánuði.*



**Skoda Octavia**
Nýskráður 7/2010, ekinn 159 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 790.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði.*

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Atvinnuauglýsingar | job

## FORSTÖÐUMAÐUR SÖLU-, MARKAÐS- OG VÖRUÞRÓUNAR HJÁ MJÓLKURSAMLAGI KS

Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga leitar nú að öflugum aðila til þess að leiða markaðs-, sölu- og vöruþróunarmál á öðrum framleiðsluvörum en hefðubundn-um mjólkurvörum.

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með
**28. október**

## FORSTÖÐUMAÐUR LISTASAFNS ÁRNESINGA

Listasafn Árnesinga, sem staðsett er í Hveragerði, auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns.

Umsóknir óskast fylltar út á:
**www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með
**5. nóvember nk.**

**Sjá nánar á job**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

## BOÐAHLEIN 28
210 Garðabæ





**Vel skipulagt og mikið endurnýjað raðhús á einni hæð við Boðahlein 28**

- Stærð 60 fm
- Góður garður
- Sjávarútsýni
- Þjónusta frá Hrafnistu
- Húsið endurnýjað að innan

Verð: **41 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

## TILKYNNING
### UM UPPGREIÐSLU SKULDABRÉFA

Kópavogsbær hefur ákveðið að nýta sér heimild til uppgreiðslu skuldabréfaflokks sem er á gjalddaga þann 28. nóvember 2019.

Er hér um að ræða skuldabréf sem auðkennd eru sem 1. Flokkur 1996, útgefin þann 8. júní 1996. Skuldabréfin verða greidd upp þann 28. nóvember 2019.

*Kópavogi 22. október 2019*
*Kópavogsbær.*

**Kópavogsbær** kopavogur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT

# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

**FAST** Ráðningar
www.fastradningar.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur




Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**



**Göngubraut**
**55.000,-**
Mikið úrval
PREKTÆKI
Bíldshöfða 16, sími 661-1902

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

*Snyrti & Nuddstofan Smart*
*Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ*

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Viltu silkimjúkt heilbrigt hár?**

**Tímapantanir: 777 2078/ 760 2434**

**AMAZON Keratin Ehf**
Opinber dreifingar- og meðferðaraðili
**Keratín á Íslandi**
Iðnbúð 5, GARÐABÆ




# Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

# YFIRHÖFNIN FÆST Í LAXDAL



Junge

FUCHS SCHMITT
FEEL THE COMFORT

Herluf design

CINZIA ROCCA

Betty Barclay

CREENSTONE|C



Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Umspilshugmynd í Inkasso viðruð

**Mótanefnd KSÍ hefur skoðað fjórar hugsanlegar útfærslur á umspili í Inkasso-deild karla en málið var rætt á síðasta stjórnarfundi KSÍ. Hugmyndin kemur frá félögunum eftir heimsókn KSÍ til þeirra. Verður kynnt nánar á formannafundi í nóvember.**




Fjölnir fór upp í Pepsi-deildina í ár. Keflavík endaði í fimmta sæti og hefði með nýja fyrirkomulaginu getað farið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**FÓTBOLTI** „KSÍ fór og heimsótti um 45 félög eða svo á rúmu ári og úr þeim heimsóknum komu margar góðar ábendingar og tillögur. Þessi pakki var tekinn og flokkaður niður á mismunandi nefndir innan veggja KSÍ. Það voru býsna mörg atriði sem sneru að mótamálum. Þetta er ein hugmynd sem kom upp í þessum heimsóknum,“ segir Valgeir Sigurðsson, formaður mótanefndar KSÍ.

Á síðasta stjórnarfundi KSÍ var tekið til umræðu umspil í Inkasso karla. Í fundargerð stjórnarinnar segir að mótanefndin hafi skoðað þann möguleika og sett upp fjórar mögulegar útfærslur. Valgeir segir að þær snúist allar um sæti 2-5 í Inkasso-deildinni og ekki sé verið að blanda Pepsi-deildinni inn í þessa umræðu. „Það er leið sem er erfitt að láta ganga upp. Þar er annar tímarammi og fleira. Þessar fjórar leiðir snúast um sæti 2-5 í Inkasso-deildinni og leiðirnar sem eru mögulegar eru að spila bara einn leik, eða heima og heiman og endað á úrslitaleik, hvort leikdagar eigi að vera um helgar eða á virkum dögum o.s.frv. Það eru alls konar pælingar en við erum með útlínur og hugmyndir svo það sé hægt að upplýsa um þennan möguleika.“

Á stjórnarfundinum var einnig rætt um kostnað, umfang og fleiri þætti. „Umspil er framkvæmanlegt en félaganna að taka ákvörðun um hvort af því verði. Kynna þarf málið betur að mati nefndarinnar,“ segir í fundargerðinni.

Valgeir segir að mótanefndin hafi fengið jákvæð viðbrögð við tillögunni. „Við erum að taka þessa hugmynd og meta hvort hún sé framkvæmanleg en svo á endanum er þetta ákvörðun félaganna, hvort þeim finnst þetta áhugaverður kostur.

Við reynum að teikna þetta upp og meta. Þetta eru tiltölulega fáir leikir og gæti orðið skemmtileg viðbót. En við þurfum að ræða betur við félögin og fá þeirra sýn.“ Formannafundur er í nóvember þar sem Valgeir reiknar fastlega með að hugmyndin verði kynnt enn frekar. Fari málið lengra verður það svo tekið upp á næsta ársþingi KSÍ.

Í júní kom Valgeir fyrir stjórn KSÍ og kynnti að mótanefndin hefði farið yfir um 100 ábendingar sem teknar hafa verið saman í tengslum við heimsóknir til aðildarfélaga. Hann segir að KSÍ hafi fengið um 200 ábendingar í kjölfar þessara heimsókna og helmingurinn hafi snúist um mótafyrirkomulagið. Sumar hugmyndir hefðu snúist um það sama, sumar hefðu verið óframkvæmanlegar en aðrar hefði verið hægt að vinna áfram. „Innan félaganna er mikil þekking og reynsla og það er hægt að prófa hlutina áfram. En það er margt sem rammar okkur inn eins og aðstaða og veður og aðrir hlutir sem útiloka því miður nokkrar góðar hugmyndir. Ég held við þurfum að þróa Íslandsmótin áfram og þeirri vinnu lýkur í sjálfu sér aldrei,“ segir Valgeir. benediktboas@frettabladid.is

> **Þetta eru tiltölulega fáir leikir og gæti orðið skemmtileg viðbót. En við þurfum að ræða betur við félögin og fá þeirra sýn.**
>
> 
>
> Valgeir Sigurðsson

> **Leiðirnar fjórar snúast allar um sæti 2-5 í Inkasso deild karla og hvernig umspilið ætti að vera.**

# Reykjanesbær hundsar íþróttafélögin og er ekki með þeim í liði



Svona sjá Njarðvíkingar fyrir sér sína aðstöðu þegar og ef hún verður fullkláruð á næstu árum. MYND/NJARÐVÍK

**AÐSTAÐA** Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar lét bóka sérstaklega að ráðið væri ekki að stuðla að sameiningu íþróttafélaga Keflavíkur og Njarðvíkur á nokkurn hátt en í stefnumótun íþróttamannvirkja og íþróttasvæða Reykjanesbæjar sem kynnt var fyrir ráðinu á síðasta fundi þess var rætt um sameiginlega nýtingu á aðstöðu.

Aðstöðuleysi hefur gert vart við sig í Reykjanesbæ enda hefur íbúum fjölgað hratt og lét bærinn Capacent gera skýrslu um aðstöðuna eða skort á henni.

Á fundi félaganna með Capacent kom fram að félögunum finnst að bærinn sé ekki með þeim í liði og líði eins og bærinn sé í raun þriðja liðið. Keflavík og Njarðvík voru beðin um að móta framtíðarsýn sína á Reykjanesbæ sem kostaði þau bæði peninga og tók tíma. Íþróttafélögin hafa aftur á móti ekki enn fengið nein viðbrögð frá Reykjanesbæ um hvað bæjarstjórn finnist um framtíðarsýn félaganna og hver afstaða þeirra er gagnvart þeim.

Félögin kalla eftir því að sveitarfélagið spýti í lófana. Bæði félög vilja vera þar sem þau eru í dag. Njarðvík við Afreksbraut en Keflavík við Sunnubraut.

Njarðvík bendir á í sínum svörum um aðstöðuna að félagið hafi endurtekið rætt við sveitarfélagið um aðstöðuleysið. Félagið vill vera við Afreksbraut bæði með körfuboltann og fótboltann, fá þar körfuknattleikskeppnishús, að gervigras sé sett yfir fótboltavöllinn og aðstaðan löguð. „Það sé skammarlegt að bjóða öðrum liðum á Afreksbrautina við núverandi aðstæður,“ segir í umsögn Njarðvíkur. Í núverandi aðstöðu körfuknattleiksdeildarinnar séu skilyrði til æfinga engan veginn fullnægjandi og á stórleikjum verði deildin fyrir töluverðum tekjumissi.

Betra ástand sé Keflavíkurmegin. benediktboas@frettabladid.is

## Tillögur félaganna

- Gervigras og flóðlýsing.
- Íþróttafélögin telja að réttast sé að fara í þá vinnu að greina og leggja mat á kostnað við að leggja gervigras á Afreksbraut, á gamla malarvöllinn á Sunnubraut og fyrir aftan Reykjaneshöllina.
- Körfuknattleikshús verði byggt á Afreksbraut. Þar verði einnig búningsaðstaða fyrir fótboltann og félagsaðstaða UMFN. Í framtíðinni væri svo ekkert því til fyrirstöðu, ef körfuknattleiksdeild Keflavíkur er í þörf fyrir æfingaaðstöðu, að þá sé húsið henni opið.
- Stúka og áhorfendaaðstaða á fótboltavelli Keflavíkur við Sunnubraut verði lagfærð.
- Íþróttaakademían verði seld og nýtt fimleikahús byggt fyrir verðmæti hennar.

» vertu á myllan.is

# Dagur Jólatertunnar er í dag 24.

– tryggðu þér eina, núna strax




● með sultu og kremi ○ með sveskjusultu ● með kremi ● með rabarbarasultu

Bragðaðu þær allar – kauptu Myllu Jólatertur

MYLLAN
Alltaf nýbakað í 60 ár

Myllan hefur bakað fyrir Íslendinga í 60 ár.

**> nánar á myllan.is**

veldu ÍSLENSKT



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Elís Pétur Sigurðsson**
Elli P

lést miðvikudaginn 16. október á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útför fer fram frá Glerárkirkju á Akureyri föstudaginn 8. nóvember kl. 13.30.

**Fjóla Ákadóttir**
**Sigurður Elísson** **Jóhanna Guðnadóttir**
**Áslaug Elísdóttir** **Björn Hermannsson**
**Erla Vala Elísdóttir**
**Stefanía Fjóla Elísdóttir** **Alejandro Guillen Mellado**
**Ragna Valdís Elísdóttir** **Herbert Harðarson**
**Elís Pétur Elísson** **Helga Rakel Arnardóttir**
**Bryndís Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

**Jónas Ásmundsson**
fv. aðalbókari Háskóla Íslands,

lést í faðmi fjölskyldunnar á dvalarheimilinu Grund aðfaranótt 19. október. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju fimmtudaginn 31. október klukkan 13.

**Guðrún Jóna Jónasdóttir** **Ingi Halldór Árnason**
**Ásmundur Jónasson** **Guðrún Vignisdóttir**
**Gylfi Jónasson** **Ásdís Kristmundsdóttir**
**Helgi Þór Jónasson** **Kristín Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Föðurbróðir okkar,

**Tryggvi Gunnarsson**
Öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést 17. október síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 30. október kl. 13.30.

**Gunnar M. Guðmundsson** **Erna H. Gunnarsdóttir**
**Þóra K. Guðmundsdóttir** **Magnús H. Sævarsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær bróðir minn, mágur og frændi,

**Randver Víkingur Rafnsson**
Akursíðu 2, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 12. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 28. október kl. 13.30. Jarðsett verður í Hólakirkjugarði í Eyjafjarðarsveit.

**Geirlaug Jóna Rafnsdóttir** **Hörður Hallgrímsson**
**Klara Árný Harðardóttir**
**Guðni Rafn Harðarson**
**Davíð Örn Harðarson**




Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR
540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Þessi prúði hópur í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar ætlar að gæða tónlistarmúsina lífi með leik sínum um næstu helgi.**

# Maxímús Músíkús sækir Hafnarfjörðinn heim

**Sjötíu ár eru frá því að tónlistarkennsla hófst í Hafnarfirði, sem var undanfari stofnunar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Haldið er upp á það með þrennum tónleikum um ævintýri tónelsku músarinnar Maxímúsar Músíkúsar, bæði í Hásölum og Hörpu.**

Um fjögur hundruð grunnskólabörnum í Hafnarfirði verður boðið á tónleika í Hásölum, við Strandgötuna, á morgun. Þá mun Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, ásamt Strengjasveit Tónlistarskóla Garðabæjar, flytja söguna Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann, með sögumanni, myndum og tónlistaratriðum. Á efnisskránni verða hljómsveitarverkin Í höll Dofrakonungs eftir Grieg, þáttur úr Leikfangasinfóníunni og að sjálfsögðu Lagið hans Maxa, sjálfur Maxímús Músíkús kemur í heimsókn og dansar við lagið sitt.

Fimm einleiksatriði eru líka á efnisskránni. Ungir einleikarar á blásturs- og strengjahljóðfæri koma fram með hljómsveitinni og flytja meðal annars þjóðlögin Á Sprengisandi og Krummavísur, auk verka eftir Dvorák og Gossec. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Ármann Helgason sem hefur fengið dyggan stuðning og aðstoð frá strengjakennurum úr Hafnarfirði og Garðabæ við verkefnið.

Þetta er táknrænn viðburður því um 70 ár eru frá því kennsla í píanóleik hófst í Hafnarfirði og þá á vegum Tónlistarfélags Hafnarfjarðar. Sú kennsla var aðdragandi stofnunar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar ári síðar. Á heimasíðu skólans kemur fram að



**Eiríkur Stephensen, skólastjóri Tónlistarskólans, verður sögumaður á tónleikunum. Sá hefur nú æfingu í að koma fram.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Hásalir var fyrsta húsnæði sem sveitarfélag byggði sérstaklega fyrir tónlistarskóla og það varð mikil lyftistöng fyrir starfið.**

fyrstu ár hans hafi áhugi bæjarbúa á tónlistarnámi verið lítill og erfiðlega hafi gengið að laða þá að skólanum en aðsókn hafi aukist með árunum með bættum aðbúnaði.

Eiríkur Stephensen er að hefja annað starfsár sitt sem skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann er líka annar helmingur dúósins Hundur í óskilum, svo því sé haldið til haga. Eiríkur segir velvilja bæjarbúa í garð Tónlistarskólans mikinn, svo áhugaleysið heyrir greinilega sögunni til. „Það varð náttúrlega heilmikil breyting á starfsemi skólans árið 1997 þegar Hásalir, hið glæsilega húsnæði skólans, var tekið í notkun. Nú er verið að byggja húsnæði fyrir tónlistarkennslu við Skarðshlíðarskóla á Völlunum og það verður tekið í gagnið næsta vetur.“

Eiríkur kveðst kunna afskaplega vel við sig í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. „Þetta er öflugur skóli með góðan kennara- og nemendahóp. Við erum með sinfóníuhljómsveit, lúðrasveitir, rytmískar sveitir og alls konar samspil.“

Spurður hvort hann komi eitthvað að Maxímúsarverkefninu svarar Eiríkur: „Ekki nema sem sögumaður á tónleikunum og svo áheyrandi.“

Maxímúsartónleikarnir verða líka á ókeypis fjölskyldustund í Kaldalónssal Hörpu á sunnudaginn, 27. október, klukkan 11.30 og þangað eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**gun@frettabladid.is**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Kristján Kristjánsson**
auglýsingateiknari,
Hamragerði 31, Akureyri,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, þann 12. október. Útför hans verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. október kl. 13.30.

**Björg Þórðardóttir**
**Kristján Kristjánsson** **Kristín S. Hjálmtýsdóttir**
**Jakob Þór Kristjánsson**
**Þórunn Bryndís Kristjánsdóttir** **Högni Hjálmtýr Kristjánsson**
**Brynja Björg Kristjánsdóttir** **Kári Kristjánsson**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Lilja I. Sigurjónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 17. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eirar.

**Margrét Gústafsdóttir**
**Ríkharður Gústafsson** **Donabel de la Cruz**
**Ólafía Gústafsdóttir** **Heimir Þór Tryggvason**
**Sigrún Sighvatsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

# SAMSUNG dagar

21.- 31.okt

ALLT AÐ
## 20% afsláttur
af flestum SAMSUNG vörum




ORMSSON

SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 11 |
| Ísafjörður | -4 | 11 |
| Akureyri | 0 | 5 |
| Egilsstaðir | 0 | 11 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 17 |
| Hveravellir | -5 | 18 |

Gengur í norðan 13-23 með morgninum, hvassast SA-lands. Bætir í ofankomu í kvöld, fyrst A-lands og síðar um landið N-vert, en þurrt að kalla syðra. Frost víða 1 til 7 stig.

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 9 |
| Ísafjörður | -3 | 6 |
| Akureyri | 0 | 5 |
| Egilsstaðir | 2 | 10 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 14 |
| Hveravellir | -6 | 11 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 2 |
| Ísafjörður | -7 | 2 |
| Akureyri | -5 | 1 |
| Egilsstaðir | -4 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 1 |
| Hveravellir | -6 | 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 ríki í Evrópu
5 skír
6 tveir eins
8 skrambans
10 tveir eins
11 megnaði
12 hrikt
13 stólpi
15 upphaf
17 glepja

**LÓÐRÉTT**
1 tögglast
2 sprenging
3 tímabils
4 ýtarlega
7 þrá
9 siðaður
12 brjóta
14 málmur
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 spánn, 5 tær, 6 áá, 8 ansans, 10 gg, 11 gat, 12 marr, 13 stoð, 15 tilurð, 17 narra.
**LÓÐRÉTT:** 1 stagast, 2 pæng, 3 árs, 4 nánar, 7 ástríða, 9 agaður, 12 mola, 14 tin, 16 rr.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Rubinstein átti leik gegn Kmoch í Semmering árið 1926.

**1.…Hf3+! 2. gxf3 De3+ 3. Kg3 Dxf3+ 4. Kh2 Dxh1+ 0-1.** EM landsliða hefst í dag í Batumi í Georgíu. Ísland tekur þátt í opnum flokki. Lið Íslands skipa stórmeistararnir Hannes Hlífar Stefánsson, Bragi Þorfinnsson og Helgi Áss Grétarsson, alþjóðlegi meistarinn Guðmundur Kjartansson og FIDE-meistarinn Dagur Ragnarsson.
**www.skak.is:** EM landsliða – fyrsta umferð kl. 11.

**Svartur á leik**











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HREKKJAVAKA



**159 kr./kg**

**Halloween Grasker**
5 - 7 kg




**695 kr./ks**

**Klementínur Kassi**
2 kg




**298 kr./300 g**

**Anamma Veganvörur**
Bollur, hakk og snitsel, frosið, 300 g




Bakað úr heilu
**HVEITIKORNI**
og rúgi

**359 kr./stk.**

**Myllan Lífskornabrauð**
3 teg., 450 g

## Stórar pakkningar

Verð frá **18 kr.** bleian




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Nr.3 | - | 6-10 kg | - | 90 stk. |
| Nr.4 | - | 9-14 kg | - | 78 stk. |
| Nr.4+ | - | 10-15 kg | - | 76 stk. |
| Nr.5 | - | 11-16 kg | - | 72 stk. |
| Nr.6 | - | 13-18 kg | - | 62 stk. |
| Nr.7 | - | 15+ kg | - | 58 stk. |

**1.595 kr./pk.**

**Pampers Bleiur**
6 stærðir

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

Blautþurrkur
**208 stk.**
saman í pakka




**479 kr./pk.**

**Pampers Blautþurrkur**
4 x 52 stk.

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

## BÍLAR

# Innsýn í farartæki framtíðarinnar

Í dag opnar Tokyo Motor Show dyr sínar í 46. skiptið en ólíkt bílasýningunum í Evrópu er sýningin fjölbreyttari og sýnir okkur inn í framtíð farartækja sem enn eru mörg ár frá markaði.



Toyota frumsýndi meðal annars þennan framúrstefnulega tilraunasportbíl sem er rafdrifinn en hann kallast e-Racer. Gestir sýningarinnar geta keyrt hann í sýndarveruleika NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS


Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is




Eins og búast má við hefur sýningin sterk tengsl við sinn heimamarkað og þá kemur ekki á óvart að merki eins og Toyota, Mazda, Honda, Subaru og Mitsubishi velji öll sýninguna til að frumsýna nýja framleiðslubíla. Auk þess munu Nissan og Suzuki frumsýna hugmyndabíla og eflaust er stutt að bíða þess að við sjáum þá á almennum markaði. Þótt sumir bílarnir hafa ekki enn verið frumsýndir þegar þetta er skrifað er ekki úr vegi að skoða aðeins hvað þar mun bera fyrir augu.




Yamaha frumsýndi MV-VISION tilraunaökutækið sem virkar eins og mótorhjól og byggir á tækninni úr Niken þríhjólinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Tilraunabílar eða hugmyndabílar eru ávallt fyrirferðarmiklir á Tokyo Motor Show og árið í ár er engin undantekning. Lexus frumsýnir LF-30 tilraunabílinn sem mun vera að fullu rafdrifinn og með möguleika á sjálfstýringu. Hann er þó án hleðslutengis enda Lexus að þróa þráðlausa hleðslu fyrir bílinn. Mitsubishi hefur þegar frumsýnt tvo tilraunabíla, MI-TECH sem er tveggja sæta sportjeppi með rafdrifnu fjórhjóladrifi og ljósavél, og svo K-Wagon sem er hávaxinn smábíll með lítilli bensínvél fyrir heimamarkað. Nissan frumsýndi svipaðan bíl sem kallast IMk og er rafdrifinn og einnig rafdrifinn jeppling sem kallast Ariya, en upplýsingar um hann eru af skornum skammti enn þá. Suzuki frumsýndi tvo tilraunabíla sem byggja á gamaldags útliti. Suzuki Waku SPO er sportlegur smábíll en Hanare er innréttaður sendibíll sem byggir á Suzuki Carry frá sjöunda áratugnum. Toyota bílaframleiðandinn er fyrirferðarmikill og frumsýnir þrjá hugmyndabíla. Fyrst kemur önnur kynslóð Mirai vetnisbílsins í tilraunaútgáfu en Toyota tók forskot á sæluna og frumsýndi hann í vikunni. LQ er rafdrifinn tilraunabíll með gervigreind sem að sögn getur myndað tilfinningasamband við ökumanninn, hvað sem það á nú að þýða. Loks er BEV, lítill tveggja manna rafbíll með 100 km drægi sem er nánast tilbúinn á markað.

Bílar sem fara beint í framleiðslu taka líka sitt pláss og meðal helstu frumsýninga þeirra er ný kynslóð Honda Jazz. Nýr Jazz verður tvinnbíll og hefur stækkað aðeins uppávið svo að hann geti keppt við smájepplingsútgáfur eins og VW T-Cross til að mynda. Mazda frumsýndi fyrsta rafmagnsbíl sinn sem byggir á nýjum CX-30 og verður með 138 hestafla rafmótor fyrir framhjólin og 35,5 kílóvattstunda rafhlöðu. Drægið mun vera allt að 240 km. Næsta kynslóð Subaru Levorg með straumlínulagaðra útliti hefur einnig verið frumsýnd en hann mun hafa meiri sjálfstýrimöguleika og fullkomnara Eyesight kerfi.






Nissan frumsýndi Ariya-tilraunabílinn á sérstakri forsýningu í gær.


Lexus LF-30 er framúrstefnulegur tilraunabíll með þráðlausa hleðslu.



Mazda frumsýndi fyrsta rafmagnsbíl sinn á blaðamannakynningu í gær.


Þótt útlit Suzuki Hanare byggi á gömlum sendibíl er hann hugsaður fyrir fólksflutninga framtíðarinnar.


MI-TECH er tilraunaútgáfa tveggja sæta sportjeppa frá Mitsubishi.



Toyota LQ er rafdrifinn tilraunabíll sem getur myndað tilfinningatengsl við ökumanninn.



Önnur kynslóð Toyota Mirai er knúin af efnarafal og kemur á markað seint á næsta ári.


SEGJUM NEI
VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI
HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK
Neutral
SENSITIVE SKIN
BLACK
COLOUR
WHITE
Neutral®
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

# MENNING

# Yrkir með trega um hinn hverfandi Vatnajökul

**Fimmtíu ár eru síðan Steinunn Sigurðardóttir skáld gaf út sína fyrstu bók. Því er fagnað í dag í Veröld. Ný ljóðabók hennar, Dimmumót,verður einnig kynnt þar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Fyrsta bók Steinunnar Sigurðardóttur, ljóðabókin Sífellur, kom út 1969. Síðan hefur hún sífellt skrifað og í dag, þegar haldið er upp á 50 ára rithöfundarferil hennar í Veröld, kemur út ellefta ljóðabókin, Dimmumót. Þar yrkir hún með trega um hverfandi jökulinn sem hún hafði fyrir augum sem barn og gengur líka nærri sjálfri sér í fyrri hluta bókarinnar.

„Ég var í stórkostlega miklum vafa um sjálfsævisögulega þáttinn í bókinni. Þó þetta séu ekki beinlínis játningar þá er kaflinn sjálfsævisögulegur en á þessum rúmu fimmtíu árum sem ég hef verið að skrifa hef ég aldrei sagt neitt um sjálfa mig í verkum mínum, þannig að ég hafði áhyggjur af tiltækinu. En viðbrögðin voru svo góð frá þeim sem lásu ljóðin, bæði manninum mínum, tónskáldinu, og fólkinu í Forlaginu sem fannst þetta sterkt efni. Í ljóðunum minnist ég tvívegis á dóttur mína, þegar ég er að eignast hana og þegar ég er að sýna henni jökulinn. Pabbi og mamma koma mikið við sögu og föðurfólkið mitt stuttlega. Bærinn sem ég lýsi þegar ég er pínulítil er Eyvík í Grímsnesi, hinn er Seljaland í Fljótshverfi, ég var í sveit á báðum stöðum og á enn ættingja þar.“ Seljaland er í nokkurs konar hraundal og Steinunn kveðst vera bæði hraunbarn og jöklabarn. „Náttúran stendur mér nærri. Þó mér þætti jökullinn fallegur og stórkostlegur stóð mér viss ógn af honum þegar ég var lítil en hafði þó ekki hugmynd um þá að hann gæti gosið.“

Viðburðurinn í Veröld í dag hefst klukkan 17.30. Auk þess sem Steinunn spjallar um nýju bókina Dimmumót verður Helga Kress með erindi sem hún nefnir: Þar sem jökulinn bar við loft, Fríða Ísberg les ljóð eftir Steinunni, Guðbergur Bergsson verður með innlegg og Torfi Túliníus kynnir.



Steinunn er bæði hraunbarn og jöklabarn. „Náttúran stendur mér nærri,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÞÓ ÞETTA SÉU EKKI BEINLÍNIS JÁTNINGAR ÞÁ ER KAFLINN SJÁLFSÆVISÖGULEGUR EN Á ÞESSUM RÚMU FIMMTÍU ÁRUM SEM ÉG HEF VERIÐ AÐ SKRIFA HEF ÉG ALDREI SAGT NEITT UM SJÁLFA MIG Í VERKUM MÍNUM, ÞANNIG AÐ ÉG HAFÐI ÁHYGGJUR AF TILTÆKINU.**

## BARNIÐ Í EILÍFUM JÚLÍ

**Af bls. 66 í Dimmumótum**

*Mig dreymdi drauma á leiðinni*
*fullorðinsdrauma.*
*Drauma um drauma. Um dag.*
*Það var alltaf júlí. Og ég var ástfangið barn.*
*Af Lómagnúp, með Öræfajökli*
*með Hvannadalshnúk.*
*Ástfangin af hrauni með tjörnum. Mosaspegli.*
*Mest þó af jöklinum eina*
*nístandi fegurð*
*í stíl við árin framundan, áratugina framvegis.*
*Fullorðins.*




### Ég var bara 18 ára

Steinunn rifjar upp tildrögin að útgáfu fyrstu ljóðabókarinnar. „Almenna bókafélagið gaf út litlar ljóðabækur sem Kristín Þorkelsdóttir teiknaði flottar kápumyndir á, Nína Björk átti eina þeirra og ég hugsaði: Þarna er ung kona að yrkja – svo ég safnaði nokkrum af mínum ljóðum saman. Var á förum til Dublin í nám og kannski þess vegna þorði ég að trítla með þetta handrit upp á Almenna bókafélag. Þegar ég lít til baka finnst mér það hafa verið talsvert tiltæki, ég var bara 18 ára, en orðin 19 þegar bókin kom út. Varð stúdent úr MR 17 ára og svo blaðamaður á Alþýðublaðinu í eitt ár, þannig að ég var orðin vön því að fólk væri að skoða það sem ég skrifaði, þó það væru ekki ljóð – að því leyti var ég veraldarvön. Ég get aldrei þakkað það nógsamlega hversu vel mér var tekið í AB. Þarna var öðlingurinn Baldvin Tryggvason og Tómas Guðmundsson las yfir handritið, skáld sem ég hafði lesið eftir frá því ég var lítil. Hann talaði svo fallega um ljóðin mín að það gaf mér byr undir vængi.“

Blaðadómar um Sífellur voru svona og svona, að sögn Steinunnar. „Mig minnti að gagnrýnin hefði verið bara ágæt en rakst svo á hana í fyrra í draslinu mínu og sá þá hvað karlar skrifuðu smættandi um bókina. Það er merkilegt að skoða dóma sem karlar gáfu skrifandi konum á þessum árum.“

### Bjó til orðið hamfarahlýnun

Nú gegnir Steinunn starfi Jónasar Hallgrímssonar í ritlist við Háskóla Íslands og kveðst vera þar með harðsnúinn hóp af fólki, meðal verkefna á námskeiðinu hafi verið að hvessa augun á orðanotkun í ljóðmáli. „Það kemur upp úr dúrnum að hvert skáldið okkar á fætur öðru hefur smíðað sér eigið ljóðmál, kannski er Jónas okkar stóra fyrirmynd. Við ræðum líka ofnotkun orða, sem er áberandi.“ Sjálf kveðst Steinunn eigna sér orðið hamfarahlýnun í stað loftslagsbreytinga, því hafi hún slegið fram við opnunarhátíð bókmenntahátíðar í apríl í vor og það hafi náð fótfestu í íslensku máli. Erlendir blaðamenn hafi verið viðstaddir og hvort sem það sé tilviljun eða kafi hafi örfáum dögum síðar komið grein í The Guardian um að stefna blaðsins væri að nota orðið climatecrisis í stað climatechanges.

### Hissa á að vera ekki dauð

Eftir Steinunni liggja yfir þrjátíu ritverk sem skiptast í ljóð, skáldsögur, smásögur, barnabækur, leikrit og endurminningabækur. Hún er þó ekki upptekin af ferlinum heldur kveðst alltaf horfa fram á við. „Ég er jafnan á kafi í mínum verkefnum, það er bara hjól sem snýst. Þegar ég lít um öxl núna er ég eiginlega hissa á því að vera ekki dauð. Það er ekkert normalt við það að skrifandi kvenmaður á Íslandi eigi 50 ára rithöfundarferil. Yfirleitt byrjuðu þær seint eða dóu frekar snemma, nema hvort tveggja væri, og algengt var að þær næðu ekki að hafa höfundarverkið mikið að vöxtum. Það sýnir togstreituna, hversu erfitt það er að sameina rithöfundarstarfið fjölskyldulífi og þeim skyldum sem konur áttu að sinna og þurftu.“

### Vinnur líka á jólunum

„En ég náttúrlega tók óvenjulegar ákvarðanir, eins og 1980 þegar ég hætti að vinna úti og var þó eina fyrirvinna heimilis og vann mikið í lausamennsku. Ég raðaði mínu lífi í kringum það að geta skrifað, hef unnið hvert verkefni af mikilli þrjósku, breytt endalaust og ekki hætt fyrr en mér finnst verkefninu lokið. Hins vegar náði ég rútínu þegar dóttir mín var í skóla. Gat ekki hugsað mér að hún kæmi heim um tvö leytið og ég gæti ekki talað við hana af því að ég væri að skrifa. Svo ég vinn alltaf á morgnana. Það kostaði slagsmál við sjálfa mig á hverjum morgni í nokkur ár en hefur haldið mér gangandi að hafa fastan vinnutíma. Ég vinn á hverjum einasta degi, líka á jólunum ef ég kemst upp með það. Einstaka sinnum höfum við, ég og tónskáldið mitt, verið í vetrarfríum á Madeira. Þá vinnum við bæði fram á hádegi og svo eigum við frí. Það er aldrei neitt sem heitir margra vikna frí en ég veit að hugmyndin er til. Hef séð aðra framkvæma hana en get ekki séð sjálfa mig í þeim sporum.“






# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!

**Kalkúnabringur**
Erlendar
**1.377** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.599 KR/KG
-47%

**Lambabógur**
Heil kylfa
**899** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.198 KR/KG
-25%

**Léttreyktur lambabógur**
Kjötsel
**1.424** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.898 KR/KG
-25%

**Andaleggir og læri**
**1.569** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.179 KR/KG
-28%

**Kjúklingalundir**
**1.997** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.698 KR/KG
-26%

## SÆLKERAMATUR UM HELGINA

**Franskar andabringur**
**1.997** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.329 KR/KG
-40%

**Toscanabrauð**
550 gr
**199** KR/STK
**ÁÐUR:** 399 KR/STK
-50%

**Valdís ís**
500 ml
**789** KR/PK
2 FYRIR 1

## ALLT FYRIR HREKKJAVÖKUNA

**Halloween nammi**
**499** KR/PK

**Halloween rúlluterta**
**489** KR/STK
**ÁÐUR:** 698 KR/STK
-30%

GRASKERIN ERU KOMIN!

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

nettó Í 30 ÁR
1989 - 2019

## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 24. - 27. október**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***
*Skv. könnun Fréttablaðsins

DAGSKRÁIN á Hringbraut



# MANNAMÁL

**Alltaf á fimmtudögum kl. 20.00 – Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.**

Mannamál er persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is




Fylgstu með!




## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Kristín Jóhannesdóttir lýsir leikritinu Eitur í Borgarbókasafni í Kringlunni, síðan verður farin vettvangsferð í Borgarleikhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### 24. OKTÓBER 2019

### Tónlist

**Hvað?** Á ljúfum nótum
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Verk eftir Rachmaninoff, Brahms og Berlioz. Flytjendur: Elín Sigríður Jónsdóttir sópran, Tinna Þorvalds Önnudóttir mezzósópran og Jón Sigurðsson á píanó. Aðgangseyrir er 1.500 kr. (Ath. ekki er tekið við greiðslukortum.)

**Hvað?** Strauss og Bítlarnir
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Safnaðarheimili Landakotskirkju, Hávallagötu 14
Tónlistarsagan rakin. Fyrirlesari Maton Wirth, organisti Landakotskirkju. Aðgangseyrir 1.300 kr. Námsmenn og aldraðir: 700 kr.

**Hvað?** Hugljúf tónlist Gríms
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg

**Hvað?** Af fingrum fram
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Söngvarinn og leikarinn Helgi Björnsson mætir í spjalltónleikaröð Jóns Ólafssonar.

**Hvað?** Elín Ey & Eyþór Gunnarsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Eyþór verður við píanó og hljóðgervla og Elín syngur sambland af tökulögum og lögum af væntanlegri plötu sinni.

### Myndlist

**Hvað?** Sýningaropnun
**Hvenær?** 17.00-19.00
**Hvar?** i8 Gallery, Tryggvagötu 16, R
Yui Yaegashi skapar lifandi spennu á milli þess tilviljunarkennda og þess skipulagða með hárfínni notkun á málningu og litavali.

**Hvað?** Hvíslið í djúpinu
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Leiðsögn um myndlistarsýningu Helgu Sigríðar Valdemarsdóttur á lokadegi sýningar.

**Hvað?** Afmæli Midpunkt fagnað með vídeólist
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Sýnd verða verk listamanna sem hafa komið fram í Midpunkt á síðastliðnu ári. Sýningin stendur yfir í 90 mínútur og ókeypis inn.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Frumsýning heimildarmyndar
**Hvenær?** 17.45
**Hvar?** Bíó Paradís
Pólska/íslenska heimildarmyndin IN TOUCH eftir Pawel Ziemilski verður frumsýnd. Pallborðsumræður í kjölfar sýningar.

### Orðsins list

**Hvað?** Morgunverðarfundur
**Hvenær?** 8.30-10.00
**Hvar?** Hús atvinnulífsins, Borgartúni 35
Umfjöllunarefni er fræðsla í ferðaþjónustu með áherslu á millistjórnendur og stjórnendur. Fundarstjóri er Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

**Hvað?** Að eldast hinsegin
**Hvenær?** 12.0-13.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Berglind Indriðadóttir iðjuþjálfi flytur fyrirlestur á íslensku. Aðgangur ókeypis og öllum frjáls.

**Hvað?** Loftslagssaga litlu ísaldar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hátíðasalur Háskóla Íslands
Dominik Collet, prófessor við Óslóarháskóla, heldur minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar sem ber yfirskriftina Loftslagssaga Litlu ísaldar: Samband samfélags og náttúru enduruppgötvað.

**Hvað?** Leikhúskaffi – Eitur
**Hvenær?** 17.30-19.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri segir gestum frá uppsetningu Borgarleikhússins á Eitri og röltir með þeim yfir í leikhúsið þar sem þeir fá stutta kynningu. Ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** + 50 ára rithöfundarafmælishóf
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Steinunn Sigurðardóttir fagnar afmælinu og les upp. Helga Kress, prófessor emeritus, talar um jökla í verkum hennar og skáldin Fríða Ísberg og Guðbergur Bergsson verða einnig með innlegg.

**Hvað?** Café Lingua – stefnumót tungumála
**Hvenær?** 18.00 – 19.30
**Hvar?** Stúdentakjallarinn við Háskólatorg

# Skuggar úr gjótum fortíðarinnar

BÆKUR

**Stelpur sem ljúga**

★★★☆☆

**Eva Björg Ægisdóttir**

**Útgefandi:** Bjartur
**Blaðsíður:** 366

Glæpasagan Stelpur sem ljúga eftir Evu Björg Ægisdóttur er ein af spennusögunum í aðdraganda jólabókaflóðsins. Um er að ræða aðra skáldsögu Evu og sjálfstætt framhald af glæpasögunni Marrið í stiganum sem hlaut Svartfuglsverðlaunin fyrir rúmu ári. Sögusviðið er það sama, Vesturland samtímans, þar sem rannsóknarlögreglan þar á bæ með hina vösku Elmu í fararbroddi reynir að leysa hinar ýmsu ráðgátur.

Þegar lík konu finnst falið í gjótu í Grábrókarhrauni grunar flesta að þar sé loksins fundin Maríanna, einstæð móðir sem hvarf sporlaust sjö mánuðum fyrr. Þegar ljóst verður að Maríönnu hefur verið ráðinn bani þurfa Elma og samstarfsfélagar hennar að bretta upp ermarnar og kafa djúpt í fortíð Maríönnu.

Fimmtán ára dóttir hennar virðist vera grunsamlega sátt við eigin hag eftir andlát móðurinnar, þar sem hún er flutt inn til efnaðra fósturforeldra og margt bendir til þess að hún segi ekki allan sannleikann.

Mæðgna-, systra- og vináttubönd kvenna eru í forgrunni í Stelpur sem ljúga. Áföll fortíðarinnar og rykfallnar lygar eru undirliggjandi og lesandi fær að kynnast nístandi einmanaleika í nútíma samfélagi, sárum lygum og svikum í sagnaheimi þar sem allir eru breyskir. Eins og góðri glæpasögu sæmir fær lesandinn að fylgjast með persónulegum flækjum í hversdagslífi söguhetjunnar. Á sama tíma er heimur verksins raunsæislegur og höfundur vandar sig við að koma þekktum minnum úr íslenskum samtíma inn í verkið.




Eva Björg er kannski ekki að finna upp hjólið í Stelpur sem ljúga. Sagnaheiminum svipar að mörgu leyti til Fjällbacka-syrpu hinnar heimsþekktu Camillu Läckberg nema í stað hins sænska Patricks eigum við okkar eigin Elmu á Akranesi. Líkt og Patrick er Elma geðþekk aðalpersóna, þægileg en ekkert sérstaklega spennandi en það þarf ekki að koma að sök því hún flytur framvindu verksins vel með sér. Þrátt fyrir æsispennandi söguþráð og óvæntan endi skilur höfundur eftir nokkra lausa þræði og eftir lesturinn situr lesandinn eftir með einhverjar spurningar.

Ekki er annað hægt en að minnast á titil verksins, Stelpur sem ljúga, sem er dæmi um að ekki eigi að dæma verk eftir kápunni. Svo klisjukenndur og barnalegur titill er verkinu einungis til minnkunar.

**Bryndís Silja Pálmadóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Höfundi tekst vel að skrifa sig inn í rótgróna glæpasagnahefð.


FRÁBÆR SKEMMTUN
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
ADDAMS
FJÖLSKYLDAN
FRUMSÝND Á MORGUN
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
ÁLFABAKKI
SAMBÍÓIN
BORGAR BÍÓ






## BÍÓ



**Donna Cruz er ferlega góð í hlutverki Agnesar Joy sem stendur á krossgötum sem liggja um lífsleið allra.**

# Sálarháski hversdagsleikans

**KVIKMYNDIR**

**Agnes Joy**

**Leikstjórn:** Silja Hauksdóttir
**Handrit:** Silja Hauksdóttir, Gagga Jónsdóttir og Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir eftir grunnhugmynd Mikaels Torfasonar
**Aðalhlutverk:** Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Donna Cruz, Björn Hlynur Haraldsson, Kristinn Óli Haraldsson




Heldur er farið að súrna í hjónabandi Rannveigar og Einars og þótt þau hangi undir sama þaki eru þau í raun skilin að borði og sæng þannig að andrúmsloftið á heimili þeirra uppi á Skaga er þrúgandi geislavirkt. Í þessu tilfinningalega tómarúmi engist nítján ára dóttir þeirra, Agnes Joy, sem þar fyrir utan getur ekki hugsað sér enn einn dag í fásinninu á Akranesi.

Upp úr og utan um þessa mjög svo hversdagslegu og algengu fjölskyldusögu hafa leikstjórinn og handritshöfundurinn Silja Hauksdóttir og meðhöfundar hennar, Gagga Jónsdóttir og Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, spunnið einhvern veginn undarlega áleitna sammannlega tragikómedíu sem hlýtur að hreyfa við mannlegum taugum hvers áhorfanda.

Agnes Joy hverfist fyrst og fremst um þau óbærilegu ósköp að vera manneskja. Þetta er ekki aðeins saga persónanna þar sem í myndinni koma saman ótal litlar, sorglegar og fyndnar dæmisögur um meðvirkni, sligandi stjórnsemi, kvíða, traust, vantraust og nánast fullkomlega vonlaust foreldrahlutverkið þar sem tilfinningarnar og tilhneiging til ofverndunar snúast sorglega oft upp í andhverfu sína.

Það er hægara sagt en gert að koma öllum þessum tilfinningaflækjum til skila þannig að áhorfendur sökkvi ekki í hyldjúpt þunglyndi eða hreinlega drepist úr leiðindum við að spegla sjálfa sig og samferðafólk í persónum sem eru einhvern veginn hvert um sig og í samskiptum óþolandi summa okkar allra.

Þetta tekst þeim stöllum hreinlega vandræðalega vel í Agnes Joy og án þess að hafa hugmynd um það tel ég víst að þær hafi skrifað handritið aftur og aftur og aftur. Svo hnökralaust er flæði sögunnar, þroska- og þróunarferli persónanna og meira að segja einn helsti kengur íslenskra kvikmynda, samtölin, renna áreynslu- og tilgerðarlaust af vörum leikaranna.

Frammistaða leikaranna er síðan sér kapítuli út af fyrir sig og hér er saman komið einvalalið sem fer með himinskautum. Donna Cruz er örugg, heillandi brothætt og sterk Agnes Joy og Króli, sem leikur besta vin hennar, ítrekar með hverju hlutverki sem hann birtist í að honum er fleira til lista lagt en að rappa.

Katla Margrét og Þorsteinn Bachmann bæta síðan bæði stórum rósum í yfirfull hnappagöt sín. Þorsteinn er átakanlega góður í hlutverki Einars. Manns sem var einhvern tímann lífsglaður og hress en eigrar nú um eins og uppvakningur. Björn Hlynur Haraldsson hefur sjaldan verið betri en í túlkun sinni á aðkomumanninum sem raskar jafnvæginu á heimilinu og verður eins og skúrkum er eðlislægt að hreyfiafli atburðarásarinnar.

Yfir þessu persónugalleríi gnæfir svo Katla Margrét sem fer tilfinningaskalann fram og til baka, upp og niður og áhorfandinn fylgir eftir dáleiddur. Í Rannveigu birtist meðvirknin holdi klædd, eða öllu heldur ömurlegur eyðileggingarmáttur hennar. Algerlega fánýtt að reyna að lýsa þessum leiksigri með orðum. Þið verðið bara að fara í bíó.

Allt annað er á sömu bókina lært í Agnesi Joy; tónlistin smellpassar og sá sérkennilega ljúfi hryllingur Draumaprinsinn öðlast nýjan tilgang og líf í þessari mynd. Loksins! Kvikmyndatakan er undurfögur og sumir rammarnir eru svo flottir að þeir svigna undan merkingarþunganum. Sem og sumar senur sem eru svo hlaðnar tilfinningum að maður tárast, hlær, fær gæsahúð, aulahroll og langar stundum til að líta undan. Svona eins og bara á hverjum einasta degi í lífinu.

Er þetta ekki orðið nokkuð ljóst? Í bíó með ykkur!

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Agnes Joy er svo ofboðslega góð kvikmynd. Einföld og látlaus en samt svo yfirþyrmandi víðfeðm og djúp að mann skortir eiginlega orð. Frábær.

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



-15%

**849** kr/kg

**GOÐI SÚPUKJÖT**

15% AFSLÁTTUR

Gildir til 29. okt. 2019






**389** kr/kg

**GRASKER HALLOWEEN**

## HEIMILI REMA 1000 Á ÍSLANDI

Birt með fyrirvara um villur. Tilboð gilda til 29.okt. 2019 eða á meðan birgðir endast nema annað sé tekið fram.

TILBOÐ

**189** kr

**EGILS MALT OG APPELSÍN**

500ml

VENJULEGT VERÐ 219 kr.

Gildir til 29. okt







SVENKI MÆTTUR

**267** kr.

**SVENKI NOCCO**

330ml



SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1

SMIÐJUVEGI 2



OPIÐ
10:00 TIL 22:00
ALLA DAGA

## Menningarumfjöllun á Rás 1




þri.- fim. kl. 16.05

Ljósi varpað á það sem efst er á baugi hverju sinni í menningu og listum. Umsjón hafa Eiríkur Guðmundsson og Guðni Tómasson.




mán.- fim. kl. 17

Kristján Guðjónsson og Anna Marsibil Clausen fjalla um dægurmenningu, samfélagsmiðla og allt sem mótar líf okkar.




föstudaga kl. 17

Farþegar í Lestarklefanum ræða um menningar- og listviðburði sem athygli vöktu í vikunni. Sendur út á Rás 1, RÚVmenning og RÚV2




föstudaga kl. 16.05

Anna Gyða fær sér skyndibita með fræðafólki og ræðir við það um merkar hugmyndir, einstaka listaverk, strauma og stefnur sem hafa sett sitt mark á menningarsögu mannsins.

RÁS 1 fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35** **Kastljós**
**12.50** **Menningin**
**13.00** **Útsvar 2017-2018 Ísafjörður - Grindavíkurbær**
**14.15** **Landinn 2010-2011**
**14.50** **Popppunktur 2012 Úrslitaþátturinn** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni starfsgreina. Í þessum úrslitaþætti eigast við lífsskoðunarmenn og stóriðjumenn. Fyrir hönd lífsskoðunarmanna keppa Valgarður Guðjónsson, Hilmar Örn Hilmarsson og Davíð Þór Jónsson. Fyrir hönd stóriðjumanna keppa Engilbert Svavarsson, Jón Björn Ríkarðsson og Ólafur Teitur Guðnason.
**15.55** **Milli himins og jarðar** Skemmtiþáttur frá árinu 2000 í umsjón Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur með tónlist, söng, dansi, gríni og gleði ásamt spaugilegri ádeilu á nútímann og okkur sjálf. Höfundur handrits ásamt Steinunni er Margrét Örnólfsdóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
**16.50** **Krónikan**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Óargardýr**
**18.29** **Anna og vélmennin**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
**19.50** **Menningin**
**20.05** **Heilabrot Geðrofssjúkdómar** Hver er munurinn á rétthugmyndum og ranghugmyndum? Þrír af hverjum hundrað einstaklingum fara í geðrof um ævina. Geðrofssjúkdómar eru flóknir og fjölbreyttir en undir þá skilgreiningu falla til dæmis geðklofi og geðhvörf. Stelpurnar ræða við fjóra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa farið í geðrof, sérfræðinga og kíkja svo í innlit/útlit á Kleppi.
**20.35** **Uppáhaldsréttir**
**21.10** **Scott og Bailey**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.20** **Kynlífsfræðingarnir**
**23.15** **Pabbahelgar**
**00.00** **Atlanta**
**00.25** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.20** **Volunteers of America Classic** Útsending frá Volunteers of America Classic á LPGA-mótaröðinni.
**11.20** **PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**12.15** **The Zozo Championship** Útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.
**16.15** **Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**17.05** **The Zozo Championship**
**21.05** **Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**21.30** **BMW Ladies Championship** Bein útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA-mótaröðinni.
**02.10** **Golfing World**
**03.00** **The Zozo Championship** Bein útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **Þáttaröð 5**
**09.30** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.50** **Man with a Plan**
**14.15** **The Voice US**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **Þáttaröð 5**
**19.00** **America's Funniest Home Videos**
**19.20** **Making History**
**19.45** **Single Parents**
**20.10** **Ást**
**20.45** **The Loudest Voice**
**21.40** **The Passage**
**22.25** **In the Dark**
**23.10** **The Code**
**23.55** **Þáttaröð 5**
**00.40** **NCIS**
**01.25** **Billions**
**02.25** **The Handmaid's Tale**
**03.20** **Black Monday**
**03.50** **SMILF**
**04.20** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Segðu mér**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Á reki með KK**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Á tónsviðinu**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Flakk**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Víðsjá**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestin**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Útvarp UngRÚV**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal**
**19.27** **Sinfóníutónleikar**
**20.15** **Umfjöllun í hléi**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Samfélagið**
**23.05** **Lestin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.40** **Almost Friends**
**14.20** **Robo-Dog**
**15.50** **Destined to Ride**
**17.20** **Almost Friends**
**19.00** **Robo-Dog**
**20.30** **Destined to Ride**
**22.00** **Bad Moms**
**23.40** **Due Date**
**01.15** **Behaving Badly**
**02.50** **Bad Moms**

## STÖÐ 2

**07.00** **Two and a Half Men**
**07.25** **Friends**
**07.45** **Gilmore Girls**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Great News**
**10.00** **Grand Designs**
**10.50** **Puppy School**
**11.40** **Besti vinur mannsins**
**12.10** **Heimsókn**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Stepmom**
**15.00** **The Muppets Take Manhattan**
**16.35** **Stelpurnar**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 í opinni dagskrá.
**18.55** **Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10** **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20** **Veður**
**19.25** **Næturvaktin**
**19.50** **Fresh Off the Boat**
**20.15** **Masterchef USA**
**21.00** **Góðir landsmenn**
**21.30** **Mr. Mercedes**
**22.20** **Warrior**
**23.10** **Real Time with Bill Maher**
**00.10** **Grantchester 4**
**01.00** **Prodigal Son**
**01.45** **Manifest**
**02.30** **Manifest**
**03.15** **Stepmom** Gamanmynd frá 1998 með Susan Sarandon, Juliu Roberts og Ed Harris. Isabel og Luke eru farin að búa saman en börn Lukes eiga erfitt með að sætta sig við nýju konuna í lífi föður þeirra.

## STÖÐ 3

**19.15** **The Big Bang Theory**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Friends**
**20.25** **Seinfeld**
**20.50** **Supergirl**
**21.35** **Batwoman**
**22.20** **Underground**
**23.05** **Barry**
**23.40** **American Dad**
**00.05** **The Big Bang Theory**
**00.25** **Two and a Half Men**
**00.50** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05** **Slavia Prag - Barcelona**
**08.45** **Inter - Dortmund**
**10.25** **Salzburg - Napoli**
**12.05** **Ajax - Chelsea**
**13.45** **Genk - Liverpool**
**15.25** **Meistaradeildarmörkin**
**15.55** **Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**16.45** **AZ Alkmaar - Astana** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**18.50** **Arsenal - Vitoria** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**21.00** **UFC The Walk**
**22.00** **Partizan Belgrad - Manchester United** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**23.40** **KR - Þór Þ.** Útsending frá leik KR og Þórs Þorlákshöfn í Dominos deild karla.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**16.45** **Partizan Belgrad - Manchester United** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**18.50** **Celtic - Lazio** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.

## STÖÐ 2 SPORT 3

**19.05** **KR - Þór Þ.** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# MEST SELDA BARNABÓKIN!

## FYNDIN, HUGLJÚF OG SPENNANDI SAGA

**FRIÐBERGUR FORSETI EFTIR ÁRNA ÁRNASON**

Fyndin hugljúf og spennandi saga um kraftmikla krakka sem þora að hafa hátt og berjast gegn ranglæti – og fyrir betra samfélagi!

ÁRNASYNIR






**1.**

**Metsölulisti Eymundsson**

**Barnabækur**

**STÓRSKEMMTILEG!**

Friðbergur forseti hefur náð völdum á Íslandi á vafasömum forsendum en systkinin Sóley og Ari og skólafélagar þeirra eru ekki sérlega upptekin af bröltinu í honum. Aftur á móti er þeim nóg boðið þegar vinum þeirra, Iman og Nabil, hefur verið vísað úr landi bara fyrir það eitt að vera útlendingar...

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

# Benni Hemm Hemm fékk eldingu í höfuðið

Benni Hemm Hemm kulnaði en eftir að hafa fengið eldingu í höfuðið er hann mættur með helling af nýrri tónlist og er byrjaður að bruna eftir Miklubraut.

Merkilega hljótt hefur verið um tónlistarmanninn Benedikt Hermann Hermannsson, langbest þekktan sem Benni Hemm Hemm, á síðustu árum í ljósi þess hversu frekur hann var til fjörsins á fyrstu árum aldarinnar.

Á föstudaginn rýfur hann áralangt tónleikahlé á Hressingarskálanum með nýrri hljómsveit og glás af nýju efni, meðal annars laginu Miklabraut, af væntanlegri plötu, og er þegar byrjað að hljóma á rafrænum ljósvakaöldum.

„Ég fékk svolítið nóg af vinnunni minni fyrir nokkrum árum, bæði því að sinna tónlistinni og tónlistarbransanum og bara öllu saman," segir Benni, sem var valinn „bjartasta vonin" á Íslensku tónlistarverðlaununum 2005. Hann virðist hafa kynnst kulnun á eigin skinni löngu áður en hún var dregin fram í dagsljós umræðunnar.

„Ég forðaðist að spila á tónleikum og vekja athygli á mér og tónlistinni minni og reyndi eiginlega að gera sem minnst af öllu nema því að semja tónlist og taka hana upp," heldur Benni áfram og furðar sig hálfpartinn á því að það hafi „einhvern veginn alltaf hangið inni".

Benni hætti því ekki að semja tónlist en „ég hef verið að gera tónlist en hef hálfpartinn verið einn inni í herbergi eins og unglingur að fela sig í fjölskylduboði. Líklega er þetta einhvers konar unglingaveiki atvinnutónlistarmannsins", segir Benni sem hrökk skyndilega í gírinn þegar hann fékk það sem hann kallar „eldingu í höfuðið" ekki alls fyrir löngu.

„Í kjölfarið vissi ég nákvæmlega hvað ég ætti að gera og fór að semja og taka upp eins og brjálæðingur og hef verið að því síðan." Stuðið á honum hefur verið slíkt að það hefur safnast upp „alveg svakalega mikið efni" þannig að nú er tími til kominn að tengja. Og tappa af.

### Draslið flokkað

Benni segist aðspurður ekki vera alveg viss um að þetta marki einhverja stefnubreytingu í tónlistinni hjá honum. Sjálfum finnst honum breytingin frá „gamla BHH stöffinu" þó mikil. „En öðrum finnst þetta algjörlega sjálfsagt framhald," segir hann og bendir á að líklega sé hann síst til þess fallinn að svara þessari spurningu en reynir þó að svara henni og fleirum í lengra máli á www.frettabladid.is í dag.

Vinnulag Benna hefur þó breyst dálítið og nú „geri ég bara ógeðslega mikið og fæ svo hjálp við að vinsa draslið úr og pússa svo til það sem er almennilegt. Það er fáránlega skemmtilegt að gera þetta svona", segir endurnýjaður Benni Hemm Hemm „svakalega spenntur" fyrir að hefja tónleikahald á ný.

**toti@frettabladid.is**




**Benni Hemm Hemm og nýja hljómsveitin hafa æft stíft og hann segir þau vera að springa af lífsorku og spilagleði.** MYND/BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

## GAPANDI GOTT BAND

Eftir áralangt hlé frá tónleikahaldi kemur Benni Hemm Hemm fram á Hressingarskálanum föstudagskvöldið 25. október.

„Ég hóaði í það tónlistarfólk sem ég hef hlustað gapandi á upp á síðkastið og hef eiginlega þurft að klípa mig daglega í handlegginn til þess að ganga úr skugga um að það sé raunverulega að gerast að allt þetta magnaða fólk sé í hljómsveitinni minni," segir Benni um þau Ingibjörgu Elsu Turchi bassaleikara, Hróðmar Sigurðsson gítarleikara, Pál Ivan frá Eiðum, sem spilar á barítóngítar, Ívar Pétur Kjartansson á trommum, Elsu Kristínu Sigurðardóttur á kornett, Kára Hólmar Ragnarsson, sem spilar á básúnu og hljómborð, Tuma Árnason saxófón- og harmóníkuleikara og píanóleikarann Margréti Arnardóttur.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 á föstudagskvöld og hægt er að kaupa miða á Tix.is.





VERTU VIÐBÚIN/N VETRINUM
MEÐ THE NORTH FACE
Frábært úrval af hágæða úlpum
The North Face
Arctic Parka II
fyrir konur (einnig til í svörtu)
Verð
69.990 kr.
Hægt að renna hettu af
Gerviskinn sem hægt er að renna af
Vatnsheldir saumar
Vottaður dúnn Responsible Down Standard RDS
DryVent öndunar- og vatnsvarnarfilma
550 Dúnfylling
Verð
47.990 kr.
The North Face
Nevero Down
fyrir karla og konur
(einnig til í svörtu)
Verð
47.990 kr.
The North Face
Nevero Down
fyrir konur
Verð
39.990 kr.
The North Face
Saikuru
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)
Verð
32.990 kr.
The North Face
Thermoball
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)
Verð
39.990 kr.
The North Face
Nevero Down Vest
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)
Verð
69.990 kr.
The North Face
Mcmurdo
fyrir karla
(einnig til í svörtu)
THE NORTH FACE
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is










**Þorsti er samstarfsverkefni Steinda og Leikhópsins X, myndin er frumsýnd á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Blóð, brellur og brandarar

Steindi Jr. ætlaði bara að gera viðtalsþætti en endaði með kvikmynd sem hann gerði í samstarfi við Leikhópinn X. Þau fá að láta ljós sitt skína í kvikmyndinni Þorsta, sem er frumsýnd á morgun.

Sýningar á kvikmyndinni Þorsta, sem hefur vakið mikla athygli undanfarið, hefjast nú á morgun. Mikil spenna hefur ríkt vegna myndarinnar, en ferlið á bak við gerð hennar er vægast sagt áhugavert. Steinþór Hróar Steinþórsson, betur þekktur sem Steindi Jr, gerir myndina í samstarfi við Leikhópinn X, sem hefur gert það gott á alnetinu með skemmtilegum sketsamyndböndum. Meðlimir leikhópsins hafa margir leikið í íslensku efni, en þá fyrst og fremst sem aukaleikarar og segir Steindi tíma hafa verið kominn til að breyta því; þau séu öll svo sannarlega efni í aðalleikara.

**Myndin sýnd víða**

Myndin er afsprengi þáttanna Góðir landsmenn sem sýndir eru á Stöð tvö.

Steindi segir myndina þá íslensku mynd sem hefur fengið mesta dreifingu á árinu. Hún verður sýnd út um allt land og í öllum kvikmyndahúsum Sambíóanna.

„Að mér skilst hefur engin mynd opnað eins víða og Þorsti á árinu.“

*En hvort kom fyrst, hænan eða eggið? Þættirnir eða Þorsti?*

„Ég byrjaði að gera viðtalsþættina Góðir landsmenn. Þar tek ég viðtal við hann Hjört sem er mikill aukaleikari. Svo í raun flækist ég bara inn í líf viðmælanda míns. Hans heitasti draumur var að leika aðalhlutverk í bíómynd. Hann tilheyrir Leikhópnum X sem hefur verið starfandi í meira en áratug.“

**Sjálfstæð verk sem vinna saman**

Steinda fannst spennandi hugmynd að gera mynd með Hirti og ákvað að einbeita sér að því.

„Þannig að ég hætti að gera viðtalsþætti og fór að gera bíómynd með Hirti. Þetta er búið að vera alveg brjálað ferðalag og alveg

**VIÐ HUGSUÐUM BARA AÐ FYRST GUÐ GAT SKAPAÐ HEIMINN Á SJÖ DÖGUM GÆTUM VIÐ ALVEG GERT BÍÓMYND Á JAFN MÖRGUM, ENDA ENGU MINNI MENN EN HANN.**

**ÍMYNDAÐU ÞÉR BARA HVERNIG BÍÓMYNDIR VÆRU ÁN AUKALEIKARA. BAKGRUNNURINN ALLTAF TÓMUR OG ÞAÐ VÆRI MJÖG SLÆM MÆTING Í ALLAR JARÐARFARIR Í ÖLLUM ÍSLENSKUM KVIKMYNDUM.**

hreint ótrúlegt að myndin sé klár. Lokaþátturinn af Góðum landsmönnum er sýndur í kvöld og almennar sýningar á myndinni hefjast svo bara strax á morgun.“

Margir spyrja hvort nauðsynlegt sé að hafa séð þættina áður en mætt er á Þorsta, en hann segir svo ekki vera.

„Þetta eru tvö sjálfstæð verk, en þau byggja hvort annað upp. Þetta eru sjálfstæð verk en það gerir upplifunina enn þá betri að hafa séð bæði.“

**Fyrsta Halloween-myndin**

Steindi segir að margir hafi varað þá Hjört við og sagt að það væri ógerningur að gera kvikmynd á svona stuttum tíma fyrir svona lítinn pening.

„Við höfðum bara sjö tökudaga. En við hugsuðum bara að fyrst guð gat skapað heiminn á sjö dögum gætum við alveg gert bíómynd á jafn mörgum, enda engu minni menn en hann.“

Hann segir að það áhugaverðasta við myndina sé það að nú fái fólk sem er alla jafna í aukahlutverkum tækifæri til að spreyta sig á því að vera í miðju sviðsljósinu.

„Síðan eru þessir hefðbundnu aðalleikarar að leika aukahlutverkin, sem er skemmtileg tilbreyting. Það var bara kominn tími til að þetta fólk fengi tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þau eru öll alveg geggjuð í myndinni og standa sig alveg frábærlega. Svo er þetta mynd sem fólk hefur ekki séð áður, gay vampírumynd með trúarlegu ívafi. Svo er þetta nýtt og ferskt, það er ekkert landslag í myndinni og hún gerist ekki í litlu sjávarplássi eins og flestar íslenskar myndir. Svo er þetta fyrsta halloween-mynd okkar Íslendinga.“

**Stefna hátt**

Steindi segir að myndin fái eflaust fólk til að átta sig á mikilvægi aukaleikara.

„Ímyndaðu þér bara hvernig bíómyndir væru án aukaleikara. Bakgrunnurinn alltaf tómur og það væri mjög slæm mæting í allar jarðarfarir í öllum íslenskum kvikmyndum. Það gengi ekkert upp þannig að mér finnst eins og bransinn skuldi þeim þessa mynd.“

Hann segir leikhópinn gjörsamlega hafa neglt niður hlutverkin. Þau hafi náð að vera ógnvekjandi, fyndin og dramatísk, allt sem góður aðalleikari þarf að geta gert.

„Ég efast ekki um að þau verði öll tilnefnd til Eddunnar og myndin líka. Svo stefnum við á að hún verði framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna á næsta ári og þetta verði fyrsta íslenska myndin sem hlýtur þau. Aukaleikararnir í Leikhópnum X eru orðnir aðalleikarar.“

Myndin verður frumsýnd annað kvöld í kvikmyndahúsum Sambíóanna. **steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO



**Tilboðsverð**
**Kuldagalli**
Microflex, S/M/L/XL/2XL/3XL.
**21.496**
93451719-24
Almennt verð: 26.995

Það er kuldi í kortunum

**20% afsláttur**
af öllum kuldagöllum

# Vetur kemur

## Vetrardagurinn fyrsti 26. október

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

# Vetrartilboð



**Tilboðsverð**
**Hitablásari**
Iðnaðarhitablásari með þrjár hitastillingar, 1000, 2000 og 3000 W. Spennan er 230V.
**5.996**
65105737
Almennt verð: 7.995



**Gott verð**
**Þilofn**
1500W, 7 þilja, olíufylltur.
**8.995**
65105784

**Gott verð**
**Hitablásari**
2.000w, 2 hitastillingar 1000 / 2000W, getur einnig blásið köldu lofti
**1.995**
65105777






**Rúðuvökvi**
5l. -18°C
**995**
90503840



Snickers WORKWEAR
**20-50% afsláttur**
Dömur & herrar




**20-30% afsláttur**
af CAT nærfötum og sokkum

CAT

**Gott verð**
**Hálkusalt**
10kg. fata.
**1.695**
54710127




Mikið úrval af sköfum

**Gott verð**
**Rúðuskafa**
60-80 cm með kústi.
**3.195**
84589046



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Ingunnar Láru Kristjánsdóttur




## Að slá frá sér flugum og sprengjum

Konur sem slá frá sér fá kjaftshögg á við atómsprengju til baka.

Grafið er eftir öllum veikum persónueinkennum, mannlegum mistökum, öllum hikum og yfirsjónum til þess að grafa undan þeim.

Konur sem taka slaginn og falla og rísa aftur upp til þess að taka slaginn aftur, fyrir allar þær sem bíða í röð fyrir aftan, ættu að fá medalíu, ættu að fá faðmlög, ættu að fá klapp á bakið.

Einlægt klapp á bakið.

Þær í fremstu röð draga okkur hinar, sem erum of þreyttar, áfram. Þær telja niður daga í góða daga þar sem þær þurfa ekki að telja í okkur kjark.

Þær slá frá sér flugur og sprengjur, mjaka okkur áfram í átt að réttlátari heimi þar sem konur eru ekki slegnar fyrir að standa vörð um málstað, eru ekki slegnar fyrir að öskra eftir grundvallarmannréttindum, fyrir að svara fyrir sig, fyrir að svara fyrir þær sem eru niðurlægðar, þær, sem er hent út á götu, hrint fram af svölum.

Kurteisi er kjaftæði þegar konur þurfa að kyngja niðurfellingu nauðgunarmála, þurfa að réttlæta móðurhlutverk fatlaðra, þurfa að brosa á móti „bröndurum“.

Mig langar að þakka þeim sem hafa tekið slaginn. Þeim sem líta til baka til mín með glóðarauga, sprungna vör og blóðuga hnúa og blikka.

Blikka og klukka mig.

Þú næst, segja þær.








